




ÁRSSKÝRSLA BFSÍ 2025



**bogfimisamband
íslands**

Efnisyfirlit

FORMÁLI	2
STJÓRNUN	3
AÐILDARFÉLÖG	3
STJÓRNARFUNDIR.....	4
REGLUGERÐIR, STEFNUR OG SKIPULAG BFSÍ	4
MANNAUÐUR.....	4
INNLEND SAMSKIPTI.....	5
ALÞJÓÐLEG SAMSKIPTI	6
ÍÞRÓTTAFÓLK ÁRSINS	7
ÚTBREIÐSLA OG FRÆÐSLA	9
IÐKENDUR.....	10
ÞJÁLFAVARAR.....	12
DÓMARAR	12
MENNTUN	12
MIÐLAR.....	13
ÖNNUR ÚTBREIÐSLU OG FRÆÐSLU VERKEFNI	16
MÓT	21
MÓTATÖLFRÆÐI	22
ÍSLANDSMÓT BFSÍ	23
ÍSLANDSMEISTARAMÓT	25
ÍMU OG ÍMÖ	26
BIKARMÓTARAÐIR BFSÍ	27
<i>Bikarmeistarar BFSÍ 2025 Innandyra</i>	27
<i>Bikarmeistarar BFSÍ 2025 Utandyra</i>	28
VERTU MEMM!!.....	29
ÖNNUR MÓT	29
AFREKSSTARF	30
A LANDSLIÐSVERKEFNI (HM/EM/ÓL/EL/HL MEISTARA FLOKKUR/FULLORÐINNA)	32
ÖNNUR LANDSLIÐSVERKEFNI FULLORÐINNA (B/C)	33
UNGMENNA LANDSLIÐSVERKEFNI (B/C).....	34
HÆFILEIKAMÓTUN.....	38
HEILBRIGÐISTEYMI.....	38
MENNTUN/ENDURMENNTUN AFREKSPJÁLFAVARA	39
ALÞJÓÐLEGIR DÓMARAR.....	39
AFREKSSTEFNA OG AÐGERÐAÁÆTLUN	40
MÆLIKVARÐAR Á MARKMIÐUM Í AFREKSSTEFNU BFSÍ 2021-2029 (UMORÐAÐ)	41
ÁRANGUR Í LANDSLIÐSVERKEFNUM	42
<i>Keppendur/lið í topp 16 í A landsliðsverkefnum í meistaraflokkum (HM/EM/ÓL/EL) 2022-2025</i>	43
<i>Keppendur/lið í topp 16 í A landsliðsverkefnum í U-flokkum (HMU/EMU/ÓLU/ELU) 2022-2025</i>	44
AFREKSLISTAR.....	45
ÝMIS TÖLFRÆÐI	45

Formáli

Staða BFSÍ er sterk og er það komið vel á veg í þróun þrátt fyrir ungan aldur. Ástæða þess er að hluta til margra ára undirbúningur að stofnun sambandsins og vegna mikillar virkni lykil stjórnarmanna og starfsmanna í sínum störfum, sem þau hafa sinnt af þryði.

Markmið ársskýrslunnar er að gefa grófa yfirsýn yfir helstu verkefni BFSÍ á árinu og upplýsingar um tölfræði íþróttarinnar. Ársskýrslan ætti því vonandi að gefa þeim sem hana lesa gott yfirlit á stöðu BFSÍ.

Markmiðið er að reyna að halda ársskýrslunni stuttri í texta og auka myndræna framsetningu. Til þess þarf að stikla á stóru og ekki er farið djúpt í umfjöllun hvers liðs. Starfsfólk BFSÍ hefur verið iðið við að birta ítarlegar fréttir um flest verkefni ársins á bogfimi.is og archery.is fyrir þá sem vilja. BFSÍ er sífellt að vinna að því að bæta upplýsinga miðlun um starfið. BFSÍ hefur einnig komið vel út á samfélagsmiðlum sérstaklega á Youtube þar sem að Archery TV Iceland rásin yfirtók KSÍ rásina á árinu.

Þetta var en annað frábært uppskeru ár í afreksstarfi í bogfimi með fleiri en 10 verðlaun á EM á árinu í meistaraflokki og ungmenna flokkum, og margt um sögulegan árangur. Fjöldi þátttakenda í landsliðsverkefnum BFSÍ jókst minna en síðustu ár og útlit fyrir að framtíðin verði jafnari vöxtur á íþróttinni í iðkendum og öðrum þáttum frekar en sprengingin sem hefur verið í gangi síðasta áratug.

Umfang fjármála BFSÍ hefur tvöfaldast á næstum hverju ári frá stofnun sambandsins, sem er hraður vöxtur á stuttum tíma. Huga þarf sérstaklega að því að spara og safna á næstu árum til að skapa veltusjóð m.a. til að taka á móti fjárhagslegum höggum sem sambandið gæti orðið fyrir eins og þegar EM 2023 innandyra var aflýst vegna náttúruhamfara eða verkfall Air Canada sem jók kostnað á HM Ungmenna margfalt hjá flestum þjóðum 2025.

Útbreiðslustarf hefur gengið vel þó að alltaf megi gera betur í útbreiðslustarfi. Eitt markmið BFSÍ í



Gummi Guðjónsson, formaður

náinni framtíð er að ráða starfsmann sem sér um útbreiðslu og fræðslu mál. En slíkt þarf að haldast í hendur við fjárhagsgetu sambandsins.

Mannauður er ein mikilvægasta auðlind BFSÍ. Fjárfesting í mannauð með ráðningu starfsmanna, menntun og þjálfun þeirra er því eitt mikilvægasta verkefni sambandsins, sem mun stuðla að stöðugri uppbyggingu og þróun á öllu öðru starfi sambandsins og íþróttarinnar. Starfsfólk BFSÍ sinnir nú flestum verkum BFSÍ og er það mikill léttir á sjálfbóðaliðum í íþróttinni.

Markmið BFSÍ er að vera fyrirmyndar sersamband í alla staði bæði hérlandis sem og erlendis. En verkefni við að viðhalda því sem er vel gert eru mörg, til viðbótar við að mörgu þarf að hlúa til að tryggja áframhaldandi vöxt og þróun.

Við viljum þakka aðildarfélögum BFSÍ, þjálfurum, iðkendum, keppendum, dómurum og sjálfbóðaliðum fyrir uppskeru ríkt bogfimi ár og þann vöxt sem orðið hefur í íþróttinni. Einnig viljum við þakka ÍSÍ, World Archery, World Archery Europe og starfsmönnum þeirra fyrir mikla og mikilvæga aðstoð og samstarf á líðandi ári.

Með von um áframhaldandi samstarf, vöxt, þróun og útbreiðslu bogfimiþróttar.

F.h. stjórnar Bogfimisambands Íslands,
Gummi Guðjónsson, formaður





Frá 56. heimsþingi alþjóðabogfimisambandsins World Archery í Suður-Kóreu september 2025

STJÓRNUN

Í stjórn BFSÍ sitja:

- Gummi Guðjónsson formaður
- Haraldur Gústafsson varaformaður
- Haukur Hallsteinsson gjaldkeri
- Oliver Ormar Ingvarsson ritari
- Astrid Daxböck meðstjórnandi

Varamenn/skoðunarmenn eru:

- Alfreð Birgisson varamaður 1
- Ragnar Smári Jónasson varamaður 2
- Heba Róbertsdóttir varamaður 3
- Ólafur Gíslason skoðunarmaður
- Albert Ólafsson skoðunarmaður

Stjórn var kosin á bogfimiþingi 2025

Aðildarfélög

Bogfimisamband Íslands (BFSÍ) er samband héraðssambanda og íþróttabandalaga (Íþróttahéraða). Öll félög innan þeirra er iðka og keppa í bogfimiíþróttum.

12 aðildarfélög í 11 íþróttahéruðum voru aðilar að BFSÍ á árinu. Virkni innan félagana er mjög mismunandi. Eitt nýtt aðildarfélag á Djúpavogi mun bætast við á næstunni. Vel hefur gengið að innleiða íþróttina á nýjum svæðum. Áhugi er til staðar á nokkrum öðrum svæðum á landinu þar sem starfsfólk BFSÍ er að aðstoða og ráðleggja þeim um næstu skref. Starfsfólk BFSÍ er þétt setið af verkefnum og ekki mikill tími til aflögu í útbreiðslustarf ár hvert. Mikilvægt er þó að BFSÍ aðstoði ný aðildarfélög að halda uppi og þróa starfið, sérstaklega á svæðum þar sem lítil sem engin reynsla er til staðar í iðkun eða þjálfun bogfimiíþróttar.

Bogfimiífélagið Boginn	UMSK
Bogfimiífélagið Hrói Höttur	ÍBH
Íþróttafélagið Akur	ÍBA
Langbogafélagið Freyja	ÍBR
Skotíþróttafélagið Dreki	ÚÍA
UMF Afturelding	UDN

Skotíþróttafélag Ísafjarðar	HSV
Skotíþróttafélagið Skyttur	HSK
Skotfélag Austurlands	ÚÍA
Ungmennafélagið Tindastóll	UMSS
Ungmennafélagið Efling	HSP
Íþróttafélagið Hörður	HHF

Stjórnarfundir

Fundargerðir stjórnarfunda er að finna á vefsíðu sambandsins. Fundir stjórnar hafa gengið vel. Lykil stjórnarmenn og starfsmenn eru mjög virkir í samskiptum og skipulagi á milli funda og því hafa fundirnir oftast farið í að færa til bókar þau atriði sem komu upp í vinnu á milli funda. Í stjórnendabjálfun ÍSÍ og Olympic Solidarity hefur einnig verið fjallað um neikvæð áhrif óparfa fundarhalds á starfið, starfsmenn og stjórnarmenn. Stjórn BFSÍ hefur einbeitt sér að því að setja regluverk sambandsins upp á þann veg að sem sjaldnast þurfi að funda til að taka ákvarðanir um atriði sem er mögulegt að setja upp ferli fyrir í regluverki sambandsins. Starfsmenn BFSÍ geta þá framkvæmt slíkt án sérstaks fundarhalds þar sem ferlið við framkvæmdina hefur verið samþykkt af stjórninni í reglugerðum. Það sparar tíma, eykur gagnsæi, auðveldar vinnuna og skilar meiri afköstum.



Reglugerðir, stefnur og skipulag BFSÍ

Starfsfólk BFSÍ fer reglubundið yfir reglugerðir og stefnur sambandsins og leggur til uppfærslur fyrir stjórn BFSÍ í samræmi við þróun, breyttar áherslur, skýringa og vegna utanaðkomandi breytinga s.s. reglubreytinga heimsambandsins. Breytingar voru gerðar á nokkrum reglugerðum BFSÍ á árinu. Mögulegt er að finna allar gildar reglugerðir sambandsins ásamt hvenær þær voru síðast uppfærðar á vefsíðu sambandsins bogfimi.is.



Mannauður

Mannauður er mikilvægasta auðlind BFSÍ. Fjárfesting í mannauð með ráðningu starfsmanna, menntun og þjálfun þeirra er því mikilvægt verkefni sem mun stuðla að uppbyggingu íþróttarinnar og sambandsins. Heildar starfshlutfall starfsmanna BFSÍ var 200% árið 2025. Markmiðið er að fjölga stöðugildum jafnóðum og fjárhagur BFSÍ getur borið slíkar viðbætur á ábyrgan veg. Mikilvægt er að læra af reynslu annara sérsambanda og bogfimilandsambanda og fela starfsmönnum að framkvæma stóran hluta vinnunnar í stað þess að byggja að stærstum hluta á vinnu sjálfbóðaliða. Mikilvægt er að létta á vinnu sjálfbóðaliða með góðu starfsmannahaldi svo að sjálfbóðaliðar séu ólíklegri til þess að brenna út og reynsla og þekking þeirra tapist síður úr íþróttinni.

Innlend samskipti

Bogfimiþing – Mars 2025

Bogfimiþing 2025 var haldið 29 mars í Íþróttamiðstöðinni í Laugardal. Mæting var góð og þingið var stutt. Ársreikningur og Ársskýrsla BFSÍ 2023-2024 voru lagðar fyrir og samþykktar, ásamt óbreyttri Afreksstefnu, uppfærð heildarstefna og aðgerðaáætlun voru kynnt, fjárhagsáætlun samþykkt, allt þetta venjulega. Albert Ólafsson gaf ekki kost á sér til áframhaldandi setu í stjórn sem gjaldkeri og framkvæmdastjóri ÍSÍ veitti honum Gullmerki ÍSÍ fyrir starf sitt í þágu íþróttahreyfingarinnar.



Valgreiðslu aðildargjöld BFSÍ

Þetta er þriðja árið þar sem innheimt voru valgreiðslu aðildargjalda vegna 18 ára og eldri. Aðstæður aðildarfélagar eru mismunandi því voru valgreiðslu aðildargjöld talin heppilegri kostur en skyldu aðildargjöld eins og eru hjá flestum landssamböndum í heiminum og hjá WA. BFSÍ áætla að sem flestir sjái sér hag á því að greiða gjöldin í framtíðinni til að standa undir starfi BFSÍ eins og ungmennalandsliðum, útbreiðslu, fræðslu o.fl. BFSÍ vill þakka sérstaklega þeim aðildarfélögum sem sáu sér fært að greiða aðildargjöld árið 2025 að hluta eða að fullu og taka þátt með þeim hætti þátt í uppbyggingu BFSÍ og íþróttarinnar: BF Bogni, ÍF Akur, Skotísa, Skaust og SF Skyttur.



Annað

BFSÍ var í reglulegum samskiptum við aðildarfélög sín um ýmis mál á árinu. En samskipti voru mest við þau félög sem eru í uppbyggingu/innleiðingu, enda góður árangur af útbreiðslu verkefnum á árinu og þau félög sem eru virkust í þátttöku í mótum og verkefnum BFSÍ. Góðu samstarfi og samskiptum var viðhaldið á árinu við Íþróttasambands Fatlaðra (ÍF) í sameiginlegum verkefnum. BFSÍ hélt einnig uppi reglubundnum og opnum samskiptum við starfsfólk ÍSÍ.

Alþjóðleg samskipti

Heimssambandsfundir

Starfsmenn BFSÍ sátu mánaðarlega fundi með heimssambandinu WA á árinu. Tilgangur fundanna er m.a. að miðla upplýsingum til landssambanda um málefni sem eru í gangi í íþróttinni og fræða landssamböndin um komandi verkefni, reglubreytingar stjórnar, styrki o.fl.. BFSÍ er meðal virkustu sambanda innan WA í þátttöku og Ísland er notað reglubundið af WA sem dæmi fyrir aðrar þjóðir til að fylgja sem er mjög ánægjulegt.



Ársfundur World Archery Nordic (WAN)

Árlegur Norðurlandafundur var haldinn í mars 2025. Fundurinn var haldinn í gegnum fjarfundabúnað. Formaður BFSÍ sat fundinn. Fundurinn var stuttur enda fá mál á dagskrá annað en NUM í Svíþjóð. En ákveðið var að funda oftari í framtíðinni til viðbótar við ársfundinn og var fyrsti viðbótar fundurinn haldinn í desember.



Heimsþing World Archery (WA)

56 heimsþing WA var haldið í Gwangju Suður-Kóreu rétt fyrir HM utandyra. Formaður BFSÍ sat þingið fyrir hönd BFSÍ og Liechtenstein. Greg Easton var kosin forseti á heimsþinginu, aðeins fjórði forseti í 50 ára sögu WA. Fá markverð mál voru á dagskrá sem snerta BFSÍ eða íþróttaiðkun á Íslandi. En það helsta væri að blandaðri liða-keppni var bætt við innandyra og verður á EM inni 26. Mikið var þó að gera á þinginu þar sem verið var að samþykkja hagræðingu/endurskrift/yfirferð allra lagabóka WA, þó að efnislega séð hafi breytingarnar verið fáar. Þó nokkuð magn af tillögum um reglubreytingar bárust, en þeim var öllum vísað til stjórnar WA að skoða eftir þingið, þar sem að stjórnin samþykkir reglugerðir ekki þingið. Gummi hélt að beiðni starfsmanna WA eitt af fjórum „workshops“ í þinghléum fyrir þingfulltrúa, þar sem Ísland er til fyrirmyndar meðal aðildarlanda WA og þar sem mikið hefur verið tekið eftir örum vexti og þróun Íslands í íþróttinni. Gummi ásamt starfsmanni WA fjölluðu m.a. um tölfræði landssambanda og Ísland var notað sem jákvætt dæmi fyrir aðrar þjóðir að fylgja í ákveðnum þáttum eins og tölfræði, jafnrétti og markmiðasetningu.

Íþróttafólk ársins

Baldur Freyr Árnason og Þórdís Unnur Bjarkadóttir bæði úr BF Boganum voru valin íþróttafólk ársins hjá BFSÍ.



Baldur Freyr Árnason – Íþróttamaður ársins 2025

Baldur byrjaði árið á því að vinna silfur verðlaun á EM U21 í einstaklingskeppni, aðeins önnur slík verðlaun sem Ísland hefur unnið til á EM í sögu íþróttarinnar. Baldur vann einnig silfur í liða á EM U21 eftir jafntefli og tap í bráðabana gegn Tyrklandi á heimavelli. Baldur vann bæði gull í einstaklings og liða á EBU í Búlgaríu, í báðum tilfellum fyrstu gull verðlaun sem Ísland hefur unnið til á Evrópubikarmótum í sögu íþróttarinnar. Í Evrópubikarmótaröð U21 vann Baldur til fyrstu verðlauna Íslands í sögu íþróttarinnar með silfur. Baldur sló heimsmet og Evrópumet í liða og var á forsíðu World Archery Europe um skeið. Baldur sló einnig Íslandsmetin í öllum aldursflokkum á árinu. Þetta er annað árið í röð sem Baldur er valinn íþróttamaður ársins.

Þórdís Unnur Bjarkadóttir – Íþróttakona ársins 2025

Þórdís átti glæsilegt ár 2025. Meðal árangurs Þórdísar á árinu eru: Heimsmet/Evrópumet U18, Norðurlanda-meistari U18, brons á EM U21, silfur/silfur og brons á Evrópubikarmótum U18. Þórdís var fjórum sinnum í viðbót í fjórða sæti eftir brons bardaga í meistaraflokki og ungmenna í landsliðsverkefnum. Oftar en ekki setti hún besta árangur sem Íslendingur hefur náð, t.d. með því að vera í 2 sæti í undankeppni EM U21. Allt þetta til viðbótar við 13 titla og 18 Íslandsmet í m.fl. og ungmenna innan Íslands. Of mikið af árangri hjá Þórdísi til að fjalla um í stuttri samantekt og því stiklað á stóru. En vafalaust ein af sterkustu frammistöðum sem Íslendingur hefur sýnt í sögu íþróttarinnar. Þetta er í fyrsta sinn sem Þórdís er valin íþróttakona ársins.

Bogfimifólk ársins 2025 eftir keppnisgreinum

BFSÍ veitir einnig viðurkenningar til keppenda sem stóðu sig best í tölfraði í hverri keppnisgrein. Auðveldara er að bera saman frammistöðu einstaklinga innan sömu keppnisgreinar. BFSÍ notar hlutlaust valferli byggt á tölfraði íþróttafólksins úr niðurstöðum ársins sem ræður vali íþróttafólks ársins og bogfimifólki ársins. Þetta er fyrsta árið sem veitt er viðurkenning í Langboga/hefðbundnum bogum.

Þeir sem fengu viðurkenningar sem bogfimifólk ársins í sínum keppnisgreinum voru:

Bogfimifólk ársins	Nafn	Félag	Íþróttahérað	Bæjarfélag
Sveigbogi karla	Ari Emin Björk	Akur	ÍBA	Akureyri
Sveigbogi kvenna	Marín Aníta Hilmarsdóttir	Boginn	UMSK	Kópavogur
Trissuboga karla	Ragnar Smári Jónasson	Boginn	UMSK	Kópavogur
Trissubogi kvenna	Þórdís Unnur Bjarkadóttir	Boginn	UMSK	Kópavogur
Berbogi karla	Baldur Freyr Árnason	Boginn	UMSK	Kópavogur
Berbogi kvenna	Heba Róbertsdóttir	Boginn	UMSK	Kópavogur
Langbogi/hefðb. kk	Haukur Hallsteinsson	Freyja	ÍBR	Reykjavík
Langbogi/hefðb. kvk	Tinna Guðbjartsdóttir	Freyja	ÍBR	Reykjavík

Met

Íslendingar slógu 2 heimsmet, 2 Evrópumet og 3 Norðurlandamet árið 2025. Berboga U21 mixed team utan-dyra og Trissuboga U18 lið innandyrar voru þessi 2 heims-/Evrópumet. Þórdís Unnur Bjarkadóttir sló 2 einstaklings Norðurlandamet U18 trissuboga (undankeppni og útslætti) og U21 trissuboga liðið sló útsláttar-metið í gull úrslitum með jafntefli við Danmörku og því deila löndin því meti sem er sjaldgæft. 123 Íslandsmet voru slegin 2025. Unnið var að því að einfalda ferli fyrir Íslandsmetaviðurkenningar á árinu og nú auðvelt fyrir methafa að sækja um viðurkenningar fyrir öll met aftur til 2019 en verið er að vinna í umsóknarferlinu. Íslandsmetaskrá var uppfærð reglubundið á árinu. Mögulegt er að finna Íslandsmetaskrá og tilkynningarform á vefsíðu sambandsins. Erfitt hefur reynst að skapa þýðingarmikla og áhugaverða tölfraði samantekt um met. Hvert met er í raun einstakt afrek og í raun ekki hægt að bera eitt met saman við annað. Ef að einhver met eru slegin á hverju ári þá er það alltaf merki um jákvæða þróun í íþróttinni.



Tölfraði

Mikilvægt er að varðveita gögn og skapa tölfraði fyrir íþróttina yfir langt tímabil. Án áreiðanlegrar tölfraði um fortíðina er ekki mögulegt að setja raunhæf og mælanleg markmið fyrir framtíðina. Með því að vita hvar við vorum, hvar við erum og hvert við stefnum, getum við þróast. Þetta á jafnt við um íþróttafólk, sérsambönd, aðildarfélög og lífið. Mögulegt er að sjá fljótt í tölfraði hvort að þróun sé í jákvæða eða neikvæða átt og meta hvort að nauðsynlegt sé að stofna til ákveðinna aðgerða til þess að ýta undir jákvæða þróun og/eða sporna við neikvæðri þróun. Starfsfólk BFSÍ hefur verið iðlið á árinu, í því að safna saman gögnum, vinna úr þeim og skapa tölfraði fyrir BFSÍ og íþróttina.

Aðildarfélög BFSÍ geta nú óskað eftir tölfraði samantekt af stöðu og þróun félagsins í mörgum þáttum íþróttarinnar. Slíkar samantektir voru sendar á nokkur aðildarfélög í kringum áramót í tilraunaskyni, en verkefnið er en í þróun. Samantektirnar gefa aðildarfélögum BFSÍ betri yfirsýn yfir marga þætti síns starfs, sem aðildarfélögin hefðu annars ekki aðgang að. Ásamt því að auðvelda aðildarfélögum BFSÍ að skila nauðsynlegum skýrslum og gögnum til síns íþróttahéraðs og/eða bæjarfélags svo að eitthvað sé nefnt. Með því styður BFSÍ aðildarfélög sín með því að gera þeim kleift að setja sér raunhæf og mælanleg markmið, auðvelda þeim að fylgjast með stöðu félagsins, sparar þeim vinnu við skýrslur og stuðlar að innri þróun aðildarfélaganna.

Í stað þess að bera sig saman við önnur félög er markmiðið að hvert aðildarfélag keppi við sjálft sig í fortíðinni í sinni tölfraði í íþróttinni. Met hvers félags fyrir sig í iðkendafjölda/keppendafjölda/þátttökufjölda ásamt öðru er að sjálfsgöðu eitthvað sem ber að fagna. Viðbót nýrrar keppnisgreina innan félagsins, jafnara kynjahlutfalls eða áhersla á ákveðna aldurs hópa, eru meðal margra markmiða sem mögulegt er að setja.

Í ársskýrslu BFSÍ er mögulegt að finna ýmsa tölfraði um áhugaverða mælanlega þætti og sífellt verið að bæta við. Sú tölfraði er þó að mestu miðuð á BFSÍ sem sérsamband og íþróttina í heild sinni.



Mynd þeim sem náðu mati á World Archery L1 Coaching Seminar 2025. Haldið í samstarfi við Olympic Solidarity

Markmið BFSÍ í heildarstefnu BFSÍ er að: „Allir hafi tækifæri til þess að æfa og njóta bogfimiþróttar.“ Markmiðið er byggt á markmiði World Archery fyrir heiminn. Markmiðið nær til margra þátta, bæði iðkenda, keppenda, áhorfenda o.s.frv..

„Íþróttir fyrir alla“ hefur verið vel sinnt af fyrirtækjum eins og Bogfimisetrinu. Þar sem almenningi býðst allt árið að kynnast, taka þátt í og hafa gaman af bogfimi, á auðveldan og aðgengilegan máta, sér til heilsueflingar og/eða dægradvalar. Hægt er að rekja meiri hluta af vexti íþróttarinnar á Íslandi til þess að auðvelt aðgengi er að slíkri grasrót og aðstöðu til þess að kynnast íþróttinni. Ánægjulegt væri ef allir sem stunda íþróttina reglubundið væru skráðir í aðildarfélög BFSÍ. En meiri hluti iðkenda hefur ekki áhuga á keppni og stundar íþróttina til dægradvalar, gamans eða heilsueflingar, og sjá því oft litla ástæðu til þess að vera meðlimir að bogfimifélögum. Finna þarf leiðir til þess að gera aðild að bogfimifélögum meira aðlaðandi fyrir almennum iðkendum.

Starfsfólk BFSÍ gaf ráðgjöf til íþróttafélaga á árinu um landið sem voru að íhuga stofnun bogfimideilda. Eitt þeirra er í ferli að gangast til liðs við BFSÍ, endurvakning LF Freyju hefur gengið vel og Skyttur sendu þjálfara á námskeið á árinu og vonast til þess að mögulegt verði að endurvefja starf þar á næstu árum. Starfsfólk BFSÍ fór nokkrum sinnum að halda námskeið eða aðstoða ný félög í uppbyggingu á árinu. BFSÍ er að fara rólega af stað í viðbót nýrra aðildarfélaga og vinna verkefni vel frekar en hratt. Markmiðið BFSÍ er að styðja ný aðildarfélög að skapa grunn að sterku starfi á hverju svæði fyrir, þar til félag verður sjálfbært og virkni viðhelt.

Iðkendur


Fjöldi iðkenda stóð að mestu í stað milli ára. En vitað er til að stór tiltekt var í iðkenda listum hjá LF Freyju sem hluta af endurvakningu þess, og hjá BF Boganum sem er gert reglu-bundið innan félagsins. Sem er megin ástæða þess að tölur hafa staðið í stað milli ára. En tölurnar endurspeglar þess í stað nær raun tölum. Stöðug fjölgun iðkenda hefur verið síðasta áratuginn fyrir utan stöðnun í vexti í kórónuveiru-faraldrinum.

Fjölgun er í U18 iðkendum um sirka 8%, en áætlað er að fjölgun ungmenna muni halda áfram í framtíðinni. Hlutfallið milli U18 og 18+ iðkenda er mjög jafnt, 47% af iðkendum eru U18 og 55% af iðkendum eru U21, sem er mjög hátt hlutfall ungmenna miðað við aðrar þjóðir.


Hlutfall kvenna heldur áfram að aukast og um 42% U18 iðkenda eru stúlkur og þriðjungur 18 ára og eldri. Fleiri konur skrá sig almennt til keppni á mót og meiri þátt-taka er meðal kvenna en karla í afreksstarfi BFSÍ. Sem bendir til að fleiri karlar stundi í-þróttina til dægradvalar en fleiri konur stundi íþróttina til keppni og árangurs.

BFSÍ hefur unnið að því að fé-lögin skil réttum iðkenda tölum, en almennt er meira vandamál að félög skila of lágum tölum frekar en of háum m.v. raunverulegan fjölda. Dæmi eru til að félög hafi skilað 4 iðkendum en


Iðkendur í bogfimi innan aðildarféлага BFSÍ - Archers in Clubs



Iðkendur U18 (17 ára og yngri) í bogfimi - Archers in Clubs U18



Iðkendur fullorðnir (18 ára+) í bogfimi - Archers in Clubs 18+




verið með 12 Íslandsmeistara og 8 keppendur í landsliðs-verkefnum á sama ári, sem eru tölur sem stemma að sjálf-sögðu ekki.

Áætlað er að fjölgun iðkenda á verði líklega hægari á næstu árum en hefur verið síðasta áratug. En fleiri iðkendur munu færast innan vébanda BFSÍ, sem voru áður utan fé-laga og ný félög sem ganga til liðs við BFSÍ munu bæta við nýjum iðkendum af nýjum svæðum. Allavega þá er þróunin vafalaust jákvæð.

Þjóðskrá bætti við þriðju kyn-skráningu 2021. Regluverk BFSÍ er vel búið að taka við þeim iðkendum. En flestir kyn-segin hafa ekki eða sjá ekki ástæðu til þess breytt kyn-skráningu sinni í þjóðskrá.

Boginn í Kópavogi er stærsta aðildarfélag BFSÍ og jafnframt stærsta bogfimifélag á Norðurlöndum og þó að víðar væri leitað. Félagið er með gífurlega sterkt ungmenna-starf. Um $\frac{3}{4}$ iðkenda innan BFSÍ er í Boganum og því einnig stærsti hluti tekna BFSÍ. Því fylgir einnig að flestir kepp-endur í landsliðum BFSÍ eru úr Boganum. Hlutfall þátttöku, titla og meta endurspeglar nokkuð vel í samræmi við iðkenda fjölda félagana. Sem er gott merki um að iðkenda fjöldi sé almennt nokkuð áreiðanlegur.

Útbreiðsla bogfimi stendur vel á Íslandi í samanburði, sem aðrar þjóðir og World Archery hafa sýnt áhuga. Samt er tölu-verður vöxtur eftir hjá BFSÍ.



Þjálfarar

Þjálfarar úr 6 aðildarfélögum BFSÍ náðu mati og alþjóðlegu þjálfarastigi á WACL1 (World Archery Coach Level 1) sem haldið var í Bogfimisetrinu í júní í samstarfi við Olympic Solidarity, World Archery og ÍSí. Það er a.m.k. 1 nýr þjálfari í helming aðildarfélaga BFSÍ á einu námskeiði og samtals 10 nýjir þjálfara, sem er góður árangur. Þjálfarakennari var Tim Swane á vegum World Archery, BFSÍ hefur átt gott samstarf við Tim og áætlað að hann haldi einnig næsta námskeið sem verið er að skipuleggja 2026.

Dómarar

10 landsdómarar voru með réttindi við lok árs 2025. Eins og í nágrannalöndum er lítill áhugi á dómgæslu og hefur slíkt því lent nánast að öllu leiti á herðum örfárar hörku dómara. Um 2/3 dómara á Íslandi eru konur og meðal aldur dómara á Íslandi er mjög ungur. Þessi tölfræði er nánast öfugt við allar aðrar þjóðir þar sem að dómarar eru almennt eldri karlar að meirihluta. Tveir dómarar eru með alþjóðleg réttindi.

Menntun

Net námskeið fyrir dómara á vegum World Archery var í boði allt árið fyrir áhugasama, og mögulegt er að skrá sig í það hvenær sem er á bogfimi.is. Það námskeið er fyrsta skrefið dómaramenntun á Íslandi og nokkrir sem tóku það 2025. Dómarapróf var aðgengilegt á vefsíðu sambandsins allt árið og var því viðhaldið í samræmi við þær reglubreytingar sem komu til á árinu hjá WA og BFSÍ. Alþjóðlegir dómarar innan BFSÍ hafa svo tekið þá sem hafa lokið námskeiði og náð prófi í lærling á mótum til þess að gera þá sjálfbæra í dómgæslu.

Bóklegi hluti WA/BFSÍ þjálfarastigs 1 er netnámskeið sem er opið allt árið öllum áhugasömum sem vilja taka fyrstu skrefin í því að verða þjálfarar. Þeir sem ljúka námskeiðinu teljast vera „leiðbeinendur“ og mælt er með að þeir starfi undir þjálfara síns félags í a.m.k. eitt ár til að byggja upp grunn reynslu/þekkingu áður en þeir sitja verklega hluta WA Coach L1. BFSÍ horfir til fjölda leiðbeinenda á Íslandi til þess að ákvarða hvenær tímabært sé halda stig 1 verklegt námskeið og fjölda sem hafa lokið stigi 1 upp á hvenær er tímabært að halda stig 2 námskeið. Áætlað er að halda WACL2 námskeið 2026. En mögulegt er að sitja námskeiðin í Afreksmiðstöð alþjóðabogfimisambandsins þau ár sem þjálfaranámskeið eru ekki haldin á Íslandi.




Miðlar

Starfsfólk BFSÍ skrifaði fréttagreinar sem samsvara um 1000 blaðsíðum og voru yfir 200 fréttagreinar birtar um íþróttina á archery.is og bogfimi.is. Þá er ekki verið að telja samfélagsmiðla pósta á Facebook/Youtube/Instagram Starfsfólk BFSÍ tók einnig saman efni sem aðrir fjölmiðlar, ÍSÍ og aðildarfélög gátu notfært sér til að birta fréttir í öðrum miðlum. Aðeins er fjallað um brot af starfinu í fréttum og því ávallt þörf á að auka umsvif í fréttu. Mikilvægt er að halda áfram að skapa efni, þróa eigin miðla BFSÍ og byggja upp samstarf við ytri fjölmiðla, til að auka sýnileika íþróttarinnar á jákvæðan veg.


Úrslit Íslandsmóta voru sýnd beint á YouTube rásinni „Archery TV Iceland“ með sama fyrirkomulagi og á stórmótum erlendis, þó með mun minni kostnaði. Oliver Ormar Ingvarsson hefur að mestu séð um þróun þess og gerð myndskreiða ásamt íþróttastjóra. Birting á viðburðum BFSÍ hefur tekið ótrúlegum framförum á síðustu fjórum árum eins og sjá má í töflunum og er heildar áhorf það hæsta meðal sersambanda ÍSÍ bæði í fjölda áhorfa og fjölda klukkustunda sem horft var á. BFSÍ mun halda áfram að fjárfesta í og leggja áherslu á gerð myndskreiða í framtíðinni.

Til viðbótar við að skapa frábært efni eru sjónvarpaðir úrslitaleikir mikilvægur undirbúningur Íslensks afreksfólks


Fréttir í miðlum - Bogfimi.is/Archery.is




Áhorf í Klst Archery TV Iceland



Áhorf Samtals Archery TV Iceland Rásinni - Views Total Youtube



Youtube Áhorf Öll Sersambönd ÍSÍ 2025



til að keppa um verðlaun á hæstu stigum alþjóðlega.


Starfsfólk BFSÍ tók saman tölfræði um samfélagsmiðla samsambanda ÍSÍ árin 2022-2025 M.a. til að fá betri hugmynd um hvar BFSÍ stæði í samamburði við önnur sársambönd á Íslandi, greina styrki/veikleika BFSÍ í miðlum og til að sjá hvaða árangri áherslur BFSÍ hafa náð hingað til. Það kom á óvart 2022 að bogfimi var með einn mesta fjölda fylgjenda og áhorfs á Youtube af sársamböndum. Síðan hefur vöxtur verið jafn og spáð að bogfimi verði með mest áhorf og flesta áskrifendur YT 2026 innan ÍSÍ.

Það sást í samfélagsmiðla skýrslum World Archery 2023 að BFSÍ er samband í heims-klassa á miðlum tengt myndskaiðum og Youtube. Þar kom BFSÍ gríðarlega vel út og var meðal topp 10 þjóða í næstum öllum mælikvörðum tengt myndskaiðum. Sem er ótrúlegur árangur að standa jöfnum fæti við lönd sem telja í tugum eða hundruðum milljóna íbúa, með tugþúsunda til hundruð þúsunda fleiri iðkendur.

Þetta sýnir að mikill áhugi er á efni um bogfimi íþróttir á Íslandi og að gríðarlega vel sé staðið að verki hjá starfsfólki BFSÍ. Hlekkir á WA samfélagsmiðla skýrslurnar sem gefnar voru út áramót 24/25 er að finna [hér 2022](#) og [hér 2023](#).

BFSÍ hefur lagt mesta áherslu á að sýna frá viðburðum BFSÍ á Youtube og ítarlegar fréttir um viðburði á archery.is og

Youtube Áskrifendur Öll Sársambönd ÍSÍ 2025



Top 10 National Federations

Engagements			Video Views		
National Federation	Engagements		National Federation	Video Views	
 South Korea	15.4k		 South Korea	522.1k	
 Russian Federation	6.1k		 Russian Federation	276.2k	
 Great Britain & Northern Ireland	3.8k		 Great Britain & Northern Ireland	224.5k	
 Iceland	2.5k		 Iceland	189.7k	
 United States of America	2.1k		 United States of America	129.0k	
 Italy	1.5k		 Italy	160.9k	
 France	1.4k		 France	137.1k	
 Spain	1.3k		 Spain	123.3k	
 Malaysia	910		 Malaysia	59.7k	
 Germany	748		 Germany	19.7k	


bogfimi.is. Fréttagreinar hafa höfðað til mismunandi fjölmiðla um landið til endurbirtingar, sérstaklega staðbundinna fjölmiðlar (local media) sem fjalla oft um fólk frá sínu svæði.

Þessi aðferðafræði tryggir að fjallað er um árangur okkar fólks á áreiðanlegan veg og gerir iðkendum auðvelt að deila fréttum um sinn árangur á sínum miðlum. Ekki er mögulegt að treysta að stærri fjölmiðlar á Íslandi fjalli um bogfimi íþróttir yfirhöfuð og/eða á viðeigandi hátt. Almennir fjölmiðlar á Íslandi sýna fréttum um oft lítinn áhuga, þó verið sé að fjalla um árangur sem Ísland getur verið stolt af. Því er besta leiðin að BFSÍ sjái sjálft um fréttaplutning um íþróttina og aðrir fjölmiðlar endurbirti efnið þegar áhugi þeirra er til staðar.

Mjög lítil áhersla hefur verið lögð á Facebook og Instagram miðla BFSÍ, sem sést vel í samanburði við önnur sérsambönd í töflunum. Þar sem BFSÍ endar nær tölum sem áætla mætti m.v. fjölda iðkenda. (* samtölur archery.is og BFSÍ á Facebook)


Unnið verður að frekari þróun miðla á næstu árum. En huga þarf að magni tíma sem fer í sköpun efnisins, þar sem að BFSÍ er með takmarkaðan fjölda starfsmanna og því takmarkaður tími sem er hægt að leggja í miðla án þess að slíkt taki frá öðru starfi. Mikilvægi grunnstarfs BFSÍ er hæst.

Facebook Áskrifendur Sérsambanda ÍSÍ 2025



HSÍ með um 18000 og KSÍ með um 124000 sem eru ekki á lista

Instagram Áskrifendur Sérsambanda ÍSÍ 2025




HSÍ með um 25100 og KSÍ með um 85700 sem eru ekki á lista

Önnur útbreiðslu og fræðslu verkefni

Hér er hægt að finna ýmis útbreiðslu- og fræðsluverkefni á árinu. Tilgangurinn er ekki að lista upp öll verkefni sem farið var í árinu, heldur aðeins að gefa innsýn inn í ýmsa þætti úr starfi BFSÍ. Mörg innri verkefni í þróun sambandsins og íþróttarinnar tengdust einnig útbreiðslu og fræðslu. Flest af þessum verkefnum eru þó tíma-bundin. Hér eru dæmi um nokkur slík áhugverð verkefni á árinu:

Í mótakerfi BFSÍ mot.bogfimi.is er mögulegt að finna viðburðarlista, úrslit úr innlendum mótum, keppendaskrá, tölfræði um keppendur, þátttöku, landslista og fleira tengt mótum. Kerfinu var viðhaldið á árinu í samræmi við breytingar á reglum, en þar innkeyrsla gagna í mótakerfið kemur úr alþjóðlegakerfinu lanseo þá eru ákveðnir þættir sem er ekki mögulegt að breyta t.d. tvær kynskráningar. Áframhaldandi þróun á kerfinu verður unnin í samvinnu milli bogfimisambanda Svíþjóðar, Noregs og Íslands. Þróun kerfisins mun vera í sífelldri þróun.

Samkomulag er milli BFSÍ og ISF (International School Federation) sem sér um hald heimsleika framhaldsskóla (U18 Gymnasiade) og heimsleika grunnskóla (U15 Gymnasiade). Íslensk ungmenni í bogfimi mega taka þátt í viðburðunum í gegnum BFSÍ þrátt fyrir að Ísland sé ekki aðili að samtökunum. Ísland er ekki aðili að ISF þar sem engin íþróttasamtök eru á Íslandi fyrir skólaíþróttir. U16 mótið var haldið í Serbíu á árinu. En þau ungmenni sem voru virk í keppni á réttum aldri voru ekki reiðubúin.



Bogfimi þjóðarhöll Tyrkja EM innandyra 2025



Starfsmaður BFSÍ að störfum baksviðs á úrslitum Íslandsmóts



Mikil gleði ungmenna á NM ungmenna

Unnið var í átt að bæta félagsliða-keppni á Íslandsbikarmótum BFSÍ. Sem stendur eru engir formlegir Bikarmeistaratitlar gefnir fyrir liða-keppni, en stefnt er að því í framtíðinni að bæta því við þegar að reynsla er komin á fyrirkomulagið.

Íslandsmeistaratitlum í langboga/hefðbundnum í markbogfimi var bætt við á árinu 2025. Viðbótin er mikilvægur hluti þess að ná til stórs hóps bogfimi iðkenda sem eru í dag utan BFSÍ. Flokkurinn nær yfir hefðbundna boga og langboga (longbow/traditional). Ekki eru til reglur hjá WA um langboga og hefðbundna boga í **markbogfimi** og því farið eftir búnaðar reglum í víðavangsbogfimi. Algengasta fjarlægðin fyrir flokkinn á Norðurlöndum er 30 metrar á 122cm skífu, og í samanburði við hlutfallslega skífustærð/fjarlægð innandyr/utandyra var ákveðið að nota 12 metra og 60 cm skífu innandyr.

Aðferðafræði BFSÍ að keppni kynja var bætt í netbókasafn European Union og Council of Europe „All In Plus: Promoting greater gender equality in sport“. Verkefnið safnar góðum starfsháttum og úrræðum tengt kynjajafnrétti í íþróttum. All In Plus verkefnishópurinn (í gegnum mennta- og barnamálaráðuneytið) sýndi aðferðafræði BFSÍ áhuga eftir gagnaöflun um stöðu kynja í íþróttum á Íslandi. Hópurinn taldi að aðferðafræði BFSÍ væri gott fordæmi fyrir önnur íþróttasamtök til að læra af og því verðug viðbót í netbókasafnið. [Þetta er fyrsta og eina Íslenska dæmi í netbókasafni European Union og Council of Europe.](#)


Íþróttastjóri BFSÍ hélt áfram að vinna að aðkomu WAE að EYOF -



Allir geta tekið þátt í bogfimi



Mesta áhorf var á langboga á Archery TV Iceland Youtube rásinni 2025



Ísland endaði oft á palli á Evrópmótum á árinu.

European Youth Olympic Festival. Í raun er hægt að hugsa mótið sem „Evrópuleika ungmenna“ (ELU). IOC er með ÓL og ÓLU og EOC er með EL og ELU. Bogfimi er á öllum þessum leikum nema ELU. Líklegt er að bogfimi verði bætt við sem auka grein í framtíðinni en óljóst hvenær það gæti verið.


Starfsfólk BFSÍ hélt áfram að safna og varðveita upplýsingar um sögu, þátttöku og þróun bogfimi. Mikilvægt er að sú vinna sé sífellt í gangi svo að slík gögn tapist ekki. Mikil sprenging hefur verið í umfangi starfsins á síðasta áratug. Því fylgir meira af sögulegum gögnum sem BFSÍ leggur áherslu á að varðveita. Góð tölfræði er aðferð til að fylgjast með langtíma þróun og gerir möglegt að setja betri mælanleg markmið. BFSÍ er einnig byrjað að taka saman tölfræði rit fyrir afreksfólk og íþróttafélög fyrir skýrslur og styrkja umsóknir. En margt þarf að gera í viðbót til þess að birta mikið af tölfræðinni og huga þarf að GDPR reglum tengt birtingu og vinnslu.

Miklar breytingar voru gerðar á Íslenska sniðmáti lanseo og kóða tengdum því 2025. M.a. tengt viðbót „Vertu memm!!“, uppfærslu á nöfnum flokka til styttingar, viðbót langbogaflokks o.fl. Mikilvægt er að viðhalda lanseo og samræma það við mótakerfið. Færri en 20 landssambönd eru með sniðmát sem staðlaðan part af lanseo, ásamt WA og IPC. BFSÍ hefur verið meðal fremstu landssambanda í þróun gagnvart stafrænu móta skipulagi og úrslitabirtingu. Það hefur komið sér vel í sjónvörpuðum úrslitaleikjum á Íslandi sem tíðkast almennt ekki nema meðal stærstu þjóða.



Íþróttafólk ársins 2024 með sínar viðurkenningar

Iðkendur í bogfimi innan aðildarfélaganna BFSÍ - Archers in Clubs



Streymi af viðburðum BFSÍ er einnig tengt lanseo upp á skor og ný grafík 2025

Íþróttastjóri er sífellt að vinna í ýmsum atriðum til framdráttar í-þróttarinnar og frekari tækifærum fyrir Íslenskt íþróttafólk. Áherslan hefur mest verið á viðbót berboga á markbogfimi mót World Archery Europe. Að tillögu íþróttastjóra var berboga bætt við á Evrópubikarmótum ungmenna 2025. Tillagan var að hver þjóð mætti senda einn í U21 flokki í kk og kvk í berboga á Evrópubikarmótin. Það gefur ungmennum sem stunda berboga tækifæri á því að geta keppt fyrir sitt land í markbogfimi utandyra, bætir við 3 mögulegum verðlaunum án þess að stækka þurfi keppnisvelli eða lengja mótin og eykur því ekki kostnað þátttöku mótana fyrir aðra þátttakendur eða mótshaldara. Íslensk ungmenni náðu flestum verðlaunum á árinu í landsliðsverkefnum á árinu í berboga. En áætlað er að samkeppni í keppnisgreininni muni aukast eftir því sem fleiri þjóðir aðlaga sín val ferli í að viðbótinni.

Áhugi er á stofnun bogfimideilda í ýmsum landshornum og starfsfólk BFSÍ gaf ráð og/eða kynnti í-þróttina fyrir viðeigandi aðilum í samstarfi við Bogfimisetrið, sem lét oft í té búnað og/eða aðstöðu til þess. Vel gengur að innleiða Aftureldingu á Reykhólum og Hörð á Patreksfirði, og starfsfólk BFSÍ hefur farið í nokkrar heimsóknir til að styðja þau félög. Líklegt að nýtt félag bætist við á Djúpavogi á næstu árum.

BFSÍ stóð einnig fyrir og/eða studdi aðildarfélög í því að sækja um styrki og skipuleggja nokkur útbreiðslu og fræðsluverkefni á árinu. Áætlað er að fjölga slíkum verkefnum í framtíðinni, og jafnvel ráða starfsmann á fræðsluvið, en



Nota öll tækifæri í löngum ferðum til að sofa. Mikið um ferðaraskanir á árinu



Námskeið á vegum BFSÍ á Patreksfirði í kringum áramót 24/25



Reykhólar með allt á hreinu allir með. Góð íþrótt fyrir lítil bæjarfélög

fyrirkomulagið er á þróunarstigi sem standur. Markmiðið er að aðildarfélög BFSÍ geti leitað til BFSÍ til að vera milliliður í því að skapa og skipuleggja ýmis útbreiðslu og fræðsluverkefni og viðburði. m.a. á vegum erlendra sérfræðinga, sem þjónustu við félögin. Auðvelda þeim að sækja um styrki með því að nota starfsmenn BFSÍ til þess að búa til umsóknar sniðmát o.fl.

Starfsfólk BFSÍ lagði sig fram á árinu við að aðstoða aðildarfélög sín við skýrsluskil, styrkjaumsóknir, tilnefningar til viðurkenninga m.a. á íþróttahátíðum bæjarfélaga og íþróttahéraða, ásamt mörgu öðru. Meðal annars með því að taka saman tölfræði, afrekalista, gefa út vottorð/staðfestingar, skapa skrifað efni og myndefni o.fl. eftir þörfum hvers félags hverju sinni. Slík þjónusta hefur verið ómetanlegur vinnusparnaður fyrir aðildarfélögin sem þau hafa verið þakklát fyrir og starfsfólk BFSÍ mun vinna áfram að frekari aðgerðum til að stuðla að auðvelda félögum sínum að sinna sínum skyldum af þryði.

BFSÍ hélt áfram að bjóða upp þjónustu fyrir aðildarfélög að halda mót fyrir þeirra hönd. Aðildarfélagið útvegar keppnisvöllinn, skotmörk og sjálfbóðaliða, og starfsfólk BFSÍ sér um skipulag, niðurstöður, skráningar, greiðslur, verðlaun, dómgæslu og slíkt. Sunnudagar í setrinu er mótaröð sem kom út úr slíku samstarfi, en mótaröðin er nú alfarið haldin af BF Boganum með yfirsjón frá BFSÍ.

Ýmsum minni útbreiðslu og fræðslumálum var einnig miðlað til aðildarfélagana á árinu s.s. þjálfaramenntun ÍSÍ og slíku.



Endurvakning í F. Freyju og reglubundins starfs innan þeirra raða gengur vel



Freyja Dís dugleg í ljósmyndun á árinu freyjabenedikts.smugmug.com



Veðrið er alltaf gott í hjarta okkar en það endurspeglast ekki alltaf útvortis á mótum




MÓT

Samtals voru 58 mót skráð í mótakerfi BFSÍ sem fóru eftir reglum BFSÍ/WA á árinu 2025, sem er sama tala og 2024 og aðskilin mæling á fjarmótum (lýðheilsu verkefnum) hófst. Svæðisbundin mót sem eru oft miðuð á skemmtun/lýðheilsu og fara ekki eftir keppnisreglum BFSÍ eru ekki í þeim tölum.


Öll mót BFSÍ á árinu voru haldin af starfsfólki BFSÍ og það aðstoðaði við hald meirihluta annarra móta ársins. Öll úrslit voru birt í lanseo og eru úrslit úr þeim aðgengileg á heimasíðu kerfisins lanseo.net. Mögulegt er að finna ýmsa móta tengda tölfraði á næstu síðum m.a. úr mótakerfi BFSÍ mot.bogfimi.is og sem að starfsfólk BFSÍ hefur tekið saman úr eldri gögnum.

Konur eru nú um 37% skráðra iðkenda í bogfimi innan aðildarféлага sem er um 2% aukning hlutfalls frá fyrra ári. Kynjahlutföll í þátttöku á ÍM eru nánast jöfn 50/50, þó að karlarnir hafi verið í meirihluta í fyrsta sinn í 4 ár með 50,3% þátttöku. Konur eru í meirihluta í afreksstarfi BFSÍ. Á heildina litið horft yfir langt tímabil eru kynjahlutföll nokkuð jöfn í íþróttinni með eðlilegum sveiflum yfir langt tímabil.


Stiklað er á stóru í ársskýrslunni en mögulegt er að finna ítarlegar fréttir um mót ársins á vefsíðunum archery.is og bogfimi.is. Bein streymi og úrslit allra Íslandsmeistaramóta og Íslandsmóta ungmenna ársins er hægt að finna á [Archery TV Iceland](#) Youtube rásinni.




Skráningar á innlend mót eftir keppnisgrein - National Event Participation by Division (Bow type)



Skráningar á innlend mót eftir íþróttagrein - National Event Participation by Sport



Skráningar á mót eftir aðildarfélagi - National Event Participation by Club



Íslandsmót BFSÍ

10 Íslandsmót voru haldin á árinu, sjö innandyr og þrjú utandyra. Árið 2018 og fyrr voru aðeins tvö Íslandsmót. Þessi fjöldi ÍM er að miklu leiti vegna skiptingu ÍM eftir aldri, íþrótt- og keppnisgrein sem hófst 2019. Það er nauðsynlegt bæði vegna fjölgunar keppenda, svo að auðveldara sé að koma ÍM fyrir í aðstöðum, til að stytta tíma hvers móts, til að koma fyrir útsendingum úrslita, vegna viðbótar keppni óháð kyni, minnka álag á mótastarfsfólk og keppendur, og gefa svigrúm fyrir alþjóðlega hluta mótana, svo að eitthvað sé nefnt.


Met fjöldi var í þátttöku á Íslandsmótum á árinu, og fjöldi hefur ekki verið meiri síðan fyrir kórónuveirufaraldurinn. ÍM í meistaraflokki 95 þátttökur sem slær metið 86 frá 2020. ÍM ungmenna 86 þátttökur sem slær metið 70 frá 2020. ÍM öldunga hafa einnig verið að sína smá endurkomu eftir þátttöku hrun í kórónuveirufaraldurinn.

Heildar þátttökur á ÍM settu einnig nýtt met 2025 innan BFSÍ.


Samtals voru veittir 118 Íslandsmeistaratitlar í einstaklings- & félagsliðakeppni í 4 keppnisgreinum (sveigboga, trissuboga, berboga og langboga/h), í tveim íþróttgreinum (innandyr og utandyra) og 5 aldursflokkum (U16, U18, U21, M.fl. og 50+). Fyrstu Íslandsmeistaratitlar í Langboga/hefðbundnum voru veittir á árinu, þeim flokki var bætt í reglur BFSÍ við lok 2024.

Ákveðið var að slá á frest þróun Íslandsmóts í víðavangsbogfimi


Skráningar Íslandsmót samtals - Total Participation Nationals



Skráningar Íslandsmót M.fl. - Participation Senior Nationals



Skráningar Íslandsmót U-flokkar - Participation Youth Nationals




vegna skorts á æfingasvæðum, þátttöku og áhuga. En áætlað er að halda þróun víðavangsbogfimi áfram á þegar komin eru svæði þar sem að mögulegt er að stunda íþróttagreinina.

Kynjahlutfall skráninga á ÍM var nánast jafnt 2025 milli karla og kvenna, en hlutfallið hefur verið að færast í átt að kvenna meirihluta um margra ára bil án sérstakra aðgerða. Ef horft er á heildar skráningar á öll mót þá eru karlar að ná meirihluta í þátttöku 2025 eftir nokkurra ára skeið í röð þar sem konur voru í meirihluta.



Á heildina litið yfir langt skeið er nokkuð jafnt og heilbrigt kynjahlutfall í móta þátttöku í bogfimi, með eðlilegum sveiflum, og ekki talin ástæða til að skapa verkefni sem stuðla að þátttöku eins kyns umfram annars. BFSÍ hefur ekki stofnað til sérstakra aðgerða til þess að stuðla að þátttöku kvenna í íþróttinni, annað en að tryggja að allir geti iðkað og keppt í íþróttinni óháð kyni, karlar, konur og kynsegin. Áhugavert er að geta að þátttaka kvenna er hærri á höfðatölu, þar sem að færri konur eru skráðar iðkendur og því mun stærra hlutfall skráðra kvenkyns iðkenda sem keppir.

2025 var annað árið sem félagsliðakeppni var óháð kyni, sem hefur gengið vel. Ástæður breytinga voru m.a.; svo að kynsegin geti tekið þátt, til að auka samkeppni og koma á móts við minni félög. Ein liðakeppni í stað þriggja (M/W/X) styttir líka keppnisdaginn.

Skráningar á Íslandsmót eftir kyni - Participation Nationals by Gender



Skráningar á innlend mót - National Event Participation



Íslandsmeistaramót

Íslandsmeistaramót í meistaraflokki innandyrar var haldið í Bogfimisetrinu í mars. Þetta var fyrst ÍM í m.fl. síðan langboga/hefðbundnum bogum var bætt við og því fyrstu titlar í þeim flokki. Íslandsmeistarar urðu:


- Sveigbogi - Meistaraflokkur
 - Ragnar Þór Hafsteinsson – Boginn – karla
 - Valgerður E. Hjalted – Boginn – kvenna
 - Marín Aníta Hilmarsdóttir – Boginn – óháð kyni
 - Félagslið – Boginn Kópavogi
- Trissubogi - Meistaraflokkur
 - Ragnar Smári Jónasson – Boginn – karla
 - Þórdís Unnur Bjarkadóttir – Boginn – kvenna
 - Alfreð Birgisson – Akur – óháð kyni
 - Félagslið – Boginn Kópavogi
- Berbogi - Meistaraflokkur
 - Sölvi Óskarsson – Boginn – karla
 - Guðbjörg Reynisdóttir – Hrói Höttur – kvenna
 - Helgi Már Hafþórsson – Akur – óháð kyni
 - Félagslið – Akur Akureyri
- Langbogi/hefðbundnir – Meistaraflokkur (fyrstu formlegu)
 - Sveinn Sveinbjörnsson – Boginn – karla
 - Margrét Guðmundsdóttir – LF Freyja – kvenna
 - Sveinn Sveinbjörnsson – Boginn – óháð kyni
 - Félagslið – LF Freyja Reykjavík



Mikil einbeiting í gangi þegar að Sölvi og Izaar enduðu í bráðabana um hvor þeirra myndi keppa um titilinn á ÍM í berboga í undanúrslitum.

Íslandsmeistaramót utandyrar var haldið í júlí í Þorlákshöfn. Af hreinni óheppnis hefð var veðrið glatað og þurfti m.a. að stytta undankeppni mótsins. Íslandsmeistarar urðu:

- Sveigbogi - Meistaraflokkur
 - Ari Emin Björk – Akur – karla
 - Valgerður E. Hjalted – Boginn – kvenna
 - Marín Aníta Hilmarsdóttir – Boginn – óháð kyni
 - Félagslið – Boginn Kópavogi
- Trissubogi - Meistaraflokkur
 - Alfreð Birgisson – Akur – karla
 - Þórdís Unnur Bjarkadóttir – Boginn – kvenna
 - Alfreð Birgisson – Akur – óháð kyni
 - Félagslið – Boginn Kópavogi
- Berbogi - Meistaraflokkur
 - Izaar Arnar Þorsteinsson – Akur – karla
 - Guðbjörg Reynisdóttir – Hrói Höttur – kvenna
 - Izaar Arnar Þorsteinsson – Akur – óháð kyni
 - Félagslið – Boginn Kópavogi
- Langbogi/hefðbundnir – Meistaraflokkur (fyrstu formlegu)
 - Haukur Hallsteinsson – Freyja – karla
 - Tinna Guðbjartsdóttir – Freyja – kvenna
 - Gummi Guðjónsson – Boginn – óháð kyni
 - Félagslið – Freyja Reykjavík



Úrslitaleikurinn um fyrsta Íslandsmeistaratitil langboga utandyrar var gríðarlega spennandi alveg að síðustu ör. Það sást vel á áhorfinu þar sem að 55 þúsund áhorf komu á úrslitaleikinn á innan við mánuði á Archery TV Iceland Youtube rásinni. Sem gerir leikinn einn af þremur mest áhorfðu leikjum í sögu rásarinnar.

ÍMU og ÍMÖ

ÍMU innandyra

Sér ÍM var haldið fyrir hvern aldursflokk ungmenna innandyra 2025. ÍM U18 og U21 sömu helgi laugar-dag/sunnudag í byrjun mars. ÍM U16 var svo haldið í apríl m.a. svo að það sé nær lok annar og félögin hafi lengri tíma til að undirbúa yngstu nýliða til að taka þátt. Fyrirkomulagið virkað mjög vel og met var í þátttöku ungmenna á ÍM 25% hærra en fyrra þátttökumet og 38% hærri þátttaka en meðaltals þátttaka síðust 5 ára.

ÍMU utandyra

Íslandsmót ungmenna úti var haldið í Fagradalsvelli í Kópavogi í ágúst. Venjulega er ÍMU haldið í júní rétt fyrir NUM ákveðið var að prófa að halda það nær lok tímabils og sjá hvort að þátttaka myndi aukast. Þátttaka stóð að mestu í stað, en áætlað er að halda áfram með mótið seinni part árs til að safna meiri tölfræði. Frábært veður og mörg met slegin. 28 titlar veittir og slegin 17 Íslandsmet. Boginn tók flesta titla, Akur á þeirra hælum og Freyja var þriðja á heildina, sem er mjög ánægjulegt þar sem endurvakning félagsins er en í vinnslu.

ÍMÖ utandyra og innandyra

ÍM öldunga utandyra voru haldin á Fagradalsvelli í ágúst og ÍM öldunga innandyra í Bogfimisetrinu í nóvember. Þátttaka öldunga féll um 65% í Covid-19. Staðnaði svo 2023/2024 og er nú farin að sína merki um að jafna sig aftur með 50% aukningu árið 2025. En frekari aðgerða/pólinmæði er þörf til að stuðla að þátttöku öldunga á ný í íþróttinni.



Eva hugs á mynd af einum hópnum á ÍM U16 innandyra 2025



Ragnar ánægður eftir að hafa slegið Íslandsmetið í meistaraflokki á ÍMU utandyra



80 ára og keppir en. Þátttaka öldunga er minni var áður, en þeir elstu haldast inni

Bikarmótaraðir BFSÍ

Þetta er í þriðja sinn sem Bikarmeistari BFSÍ er krýndur.

Bikarmeistaratitill er sjaldgæfasti titill sem unnist getur í íþróttinni. Aðeins veittur í meistaraflokki óháð kyni einstaklinga. Óvenjulegt var að engin náði að vinna bæði utandyra og innandyra Bikarmeistaratitilinn á árinu, enda mikil samkeppni um titlana.

Bikarmótaröð BFSÍ innandyra 2025 samanstóð af 5 mótum. (2023-2024 tímabilið). Mótin voru haldin í Bogfimisetrinu.



Stjarna á uppleið Helgi Már sló Íslandsmetið í meistaraflokki inni og úti á bikarmótum

Bikarmótaröð BFSÍ utandyra 2025 samanstóð af 3 mótum. Mótin voru haldin á Sauðárkróki og Þorlákshöfn.

Bikarmeistarar BFSÍ 2025 Innandyra



Bikarmeistari 2025 Trissubogi Innandyra
Ragnar Smári Jónasson BF Boginn



Bikarmeistari 2025 Sveigbogi Innandyra
Valgerður E. Hjaltested BF Boginn



Bikarmeistari 2025 Berboga Innandyra
Izaar Arnar Þorsteinsson ÍF Akur



Bikarmeistari 2025 Langboga/H Innandyra
Jonas Björk ÍF Akur

Bikarmeistarar BFSÍ 2025 Utandýra



Bikarmeistari 2025 Trissubogi Utandýra
Alfreð Birgisson ÍF Akur



Bikarmeistari 2025 Sveigbogi utandýra
Marín Aníta Hilmarsdóttir BF Boginn



Bikarmeistari 2025 Berboga utandýra
Helgi Már Hafþórsson ÍF Akur



Bikarmeistari 2025 Langboga/H utandýra
Haukur Hallsteinsson LF Freyja

Vertu Memm!!

12 mót voru haldin á árinu í mánaðarlegu fjarmótaröð BFSÍ „Vertu memm!!“. Lýðheilsu verkefni BFSÍ. Tilgangur þess er að fá fólk á öllum aldri (líka fullorðna) til þess að þátt mánaðarlega á auðveldan og einfaldan máta. Meðal annars til þess að gefa yngri og nýjum iðkendum möguleika á að eiga fyrstu kynni af bogfímimóti í heimabyggð á umhverfisvænan og auðveldan hátt þeim að kostnaðarlausu. Þátttaka í Vertu memm!! var mikil á árinu og því verður haldið áfram að þróa verkefnið.



9 tímar á dag í viku, er strembið þjálfaranámskeið stig 1

Önnur mót

BFSÍ aðstoðaði við hald annarra móta á árinu t.d. „Sunnudagar í Setrinu“ mótaröðina fyrri hluta árs á vegum BF Bogans í samstarfi við Bogfimisetrið. Mótin voru sett á pásu yfir sumarið vegna anna í landsliðsverkefnum o.fl.. Seinni hluta árs var ákveðið að byrja frekar með mánaðarleg mót en vikuleg mót, til að sjá hvort að þátttaka myndi aukast. Tilgangur mótana er bara að búa til reglubundið tækifæri fyrir fólk að geta tekið þátt í mótum á ódýran og einfaldan veg, og hitt á aðra í íþróttinni. Sérstaklega gott fyrir byrjendur að komast fyrst í kynni við alvöru mót þar sem áherslan er meira á þátttöku og eigin framfarir og fyrir ungmennt að geta keppt og slegið met á sínum fjarlægðum innandyra.



Þórdís skilaðu hattinum til Mexíkó



Margur er knár þótt hann sé smár



AFREKSSTARF

Mikil ánægja eftir að vinna brons á EM gegn Tyrklandi eftir jafntefli í leiknum og jafntefli í bráðabana, nær miðju vann.

Þátttaka og árangur BFSÍ árið 2025 var verulega góður og eykst á hverju ári. Vel er staðið að starfi og umgjörð afreksstarfsins, þó er endalaus framför eilíft markmiðið.

Afrekssjóður ÍSÍ (ASJ) er stærsti styrktaraðili BFSÍ í afreksstarfi. Miklar breytingar hafa verið gerðar á fyrirkomulag ASJ á síðustu árum og fjármagn til afreksstarfs 2025 jókst til muna í samræmi við frekari framlög ríkisins til afreksstarfs á Íslandi. Vonast til að sá stuðningur haldi áfram eða aukist en meira á komandi árum. Á sama tíma hefur BFSÍ hefur hækkað ört í fjármögnun úr Afrekssjóði í samræmi við árangur sambandsins og þróun þess.


Vöxtur afreksstarfsins er loksins að hægja á sér með 3,5% aukningu umfangs þátttökufjölda 2025. En aukning á umfangi frá Covid er búinn að vera meiri en 25% á hverju ári. Búist var við slíku þar sem að Covid árin 2020/2021 sýndu ekki rétta mynd af vexti eða starfi BFSÍ. 2022 var hálft venjulegt og hálft Covid ár. 2023 skulu náttúruhamfarir yfir Tyrkland og aflýsa þurfti EM innandyrá 2023 sem er þátttökumesta landsliðsverkefni BFSÍ.

Því mætti segja að árin 2024 og 2025 séu í þátttöku og árangri réttasta mynd af starfi BFSÍ tölfræðilega séð í dag. Þó er vert að geta að árangur BFSÍ 2024/2025 er langt umfram áætlanir og því líklegt að erfitt verði að viðhalda árangrinum til lengdar. Vextinum ber þó að fagna en ekki má gera ráð fyrir því að vöxturinn og aukning á árangri haldi endalaust áfram, þó að það sé vonin og markmiðið.


Umfang starfsins er að setja töluvert álag á starfsmenn BFSÍ og þeir hafa ekki náð að sinna öllum verkefnum eins vel og mætti gera á árinu. Verið er að vinna í að finna leiðir til að straumlínulaga starfið á ýmsa vegu til að minnka álag og dreifa verkefnum betur yfir árið svo að mögulegt sé að framkvæma meira með minna. En þó að slíkt muni virka í skammtímanum er það ekki varanleg lausn. Sérstaklega ef horft er til taflanna hér fyrir neðan um hve hraður vöxtur hefur verið á almennu starfi og afreksstarfi í bogfimi á síðasta áratug. Nauðsynlegt verður að fjölga þjálfurum í afreksstarfi í framtíðinni þegar að fjárhagur BFSÍ getur á ábyrgan veg borið viðbótar kostnað tengt því og er áætlað að byrja á því 2026.

Ársskýrslur BFSÍ eru oft orðnar býsna langar, enda oft mikið í gangi í starfi sambandsins sem vert er að greina frá og erfitt að velja og hafna því hvað fær umfjöllun og hvað ekki. Á næstu síðum skýrslunnar er mjög stuttur texti um hvert verkefni, á frekar stöðluðu formi (óháð mikilvægi eða stærð verkefnis), til að gefa yfirsýn yfir starf ársins. Mögulegt er að finna mun ítarlegri fréttir og upplýsingar um landsliðsverkefni BFSÍ 2025 á heimasíðu sambandsins <https://bogfimi.is/> og á bogfimifréttavefnum <https://archery.is/>.


Samtals þátttökur í landsliðsverkefnum þróun (keppendur) - NT participation



Allar niðurstöður landsliðsverkefni samtals - All NT team&individual results



Allar niðurstöður A landsliðsverkefni - All NT results team/indv. WC/EC/OL/EG



A landsliðsverkefni (HM/EM/ÓL/EL/HL meistara flokkur/fullorðinna)

European Indoor Championships (EM innandyra) – Samsun Tyrkland

Tvö brons á EM 2025 fyrir Ísland bæði í liðakeppni (berboga lið kvenna og trissuboga lið kvenna). Bronsið hjá berboga stelpunum var sætt þar sem brons úrslit voru gegn Tyrkjum á heimavelli í sérhæfðri Bogfimi Þjóðarhöll landsins. Leikurinn endaði í jafntefli, bráðabanninn endaði í jafntefli og Ísland vann með ör næst miðju, sjaldgæft að leikir séu svo jafnir. Óvenjulegt var að enginn komst í 8 manna úrslit einstaklinga þetta sinn (hæst 5 sæti EM22, hæst 6 sæti EM24, hæst 9 sæti EM25)

24 þjóðir og 301 þátttakendur í heildina á mótinu
16 þátttakendur og 5 lið frá Ísland.

Liða niðurstöður: 2x brons, 3x í topp 8.

Einstaklingsniðurstöður: 6x í topp 16 sætum, 10x í topp 32.



Mikil ánægja eftir sigur í einum jafnasta úrslitaleik sem mögulegt er



World Outdoor Championships (HM utandyra) – Gwangju Suður Kórea

Í fyrri hluta undankeppni var útlit fyrir að meirihluti keppenda og liða Íslands myndi komast áfram eftir undankeppni, en svo dalaði í seinni hluta og aðeins 4 af 8 einstaklingum og ekkert lið vann þátttökurétt á HM eftir undankeppni. Grátlega lítill munur var á trissuboga kvenna liðinu sem endaði aðeins fjórum stigum undir Filipseyjum 1976-1972 að vinna framhaldspátttökurétt og komast í topp 24. Þeir fjórir sem komust áfram eftir undankeppni voru svo slegirnir út í fyrstu leikjum HM í sínum greinum. Alfreð stóð sig þó vel en erfitt að lenda á móti heimsmeistararum í fyrsta útsláttarleik HM.

75 þjóðir og 692 þátttakendur í heildina
8 þátttakendur og 2 lið frá Íslandi.

Liða niðurstöður: 2x Unnu ekki framhaldspátttökurétt.

Einstaklingsniðurstöður: 4x 57 sæti, 4x Unnu ekki framhaldspátttökurétt.



Skemmtileg hópmynd af liðunum sem voru á einu skotmarki í undankeppni HM. Brasilía, Filippseyjar, Ísland og Víetnam

Önnur landsliðsverkefni fullorðinna (B/C)

European Grand Prix (Evrópubikarmót) – Arnhem Niðurlönd

Stelpurnar stóðu sig vel á Evrópubikarmótinu í Niðurlöndum. Trissuboga kvenna liðið tapaði bronsinu á móti heimaþjóðinni Niðurlöndum og endaði í 4 sæti. Eowyn komst í 8 manna úrslit, Marín í 16 manna úrslit. Sveigboga kvenna liðið í 8 liða úrslit. Í nánast öllum tilfellum var það hæsta sæti eða skor sem Ísland hefur náð á Evrópubikarmóti í meistaraflokki í sögu íþróttarinnar. Þó að það hefði verið gaman að ná í fyrstu verðlaun Íslands á EGP líka.

*29 þjóðir og 165 þátttakendur í heildina
6 þátttakendur og 2 lið frá Íslandi.*

Liða niðurstöður: 1 í 4 sæti og 1 í 8 sæti

Einstaklingsniðurstöður: 1 í 7 sæti, 1 í 9 sæti, 2 í 17 sæti og 2 í 33 sæti



Ísland sendi bara konur á Evrópubikarmótið. Skvísu landsliðsverkefni

Veronicas Cup World Ranking Event – Kamnik Slóveníu

Eowyn var eini keppandi Íslands á Veronicas Cup að þessu sinni. Hún endaði í 27 sæti í undankeppni og 17 sæti eftir útsláttarkeppni. Hún var einnig að ferðaðist með liði

1 keppandi frá Íslandi. Samtals voru 336 þátttakendur frá 80 þjóðum.



Alltaf rigning og kalt á Veronicas Cup WRE

World Series mót 1 Sviss – okt 2025

Eowyn Mamalias var eini keppandi Íslands í heimsmótaröð WA. Hún endaði í 9 sæti í meistaraflokki í Sviss.

Lítil áhersla var lögð á World Series mót á árinu og efnahagur flestra keppenda studdi ekki meiri þátttöku á árinu. En það má áætla að 2026 verði mun meiri þátttaka og áhersla lögð á Indoor World Series.



Eowyn í 16 manna úrslitum í meistaraflokki á IWS í Sviss

Ungmenna landsliðsverkefni (B/C)

EM U21 innandyra – 16-22 febrúar Samsun Tyrklandi (B+):

Ísland vann í annað sinn til verðlaun í einstaklingskeppni og liðakeppni á EM U21, með samtals 2 silfur og 1 brons, sem setti Ísland í 3 sæti á heildarverðlaunatölu á EMU21. Ísland vann sín fyrstu verðlaun í sögunni á EM í U21 flokki árið 2024 en hafði best náð áður í 4 sæti á EM19 og EM22 í U21. Náðst hefur að viðhalda fínunum árangri milli ára, sem var glæsilegt. Baldur Freyr Árnason vann silfur og Heba Róbertsdóttir vann brons í einstaklingskeppni U21 á EM. Berboga karlarnir sættu sig við silfur eftir jafntefli og tap gegn heimaþjóð Tyrklandi í bráðabana. Trissuboga strákarnir komust í fyrsta sinn í brons úrslit, en Króatía tók brons leikinn. Trissuboga stelpurnar settu einnig heimsmet og Evrópumet U18, og svo mætti lengi telja.



Baldur tók annað einstaklings silfur á EM í sögu Íslands

24 þjóðir og 300 þátttakendur í heild

12 þátttakendur og 3 lið frá Íslandi.

*Liða niðurstöður: 1*silfur, 1 í 4 sæti, 1 í topp 8 (1 heimsmet og 1 Evrópumet).*

*Einstaklings niðurstöður: 1*silfur, 1*brons, 3 í topp 8, 2 í topp 16 og 4 í topp 32.)*

Evrópubikarmót ungmenna utandyra EBU (European Youth Cup stage 1) – 15-20 apríl Sofia Bulgaria:

Ísland endaði í 3 sæti á heildarverðlaunatölu á Evrópubikarmótinu (samanlögð verðlaunatala þjóða úr öllum keppnisgreinum-aldursflokkum-kynjum-liðakeppni-einstaklingskeppni). Ísland tók 3 gull, 2 silfur og 2 brons á þessu móti, besta niðurstaða Íslands til dags með töluverðum mun. Ísland hefur aðeins tvisvar áður unnið til verðlauna á Evrópubikarmótum ungmenna í sögu íþróttarinnar (1xsilfur 2023 og 1xbrons 2024) og því verulega ánægjulegar niðurstöður sem komu öllum þjóðum og Íslendingunum sjálfum á óvart. Verðlaunahafar í einstaklingskeppni: Baldur Freyr Árnason Gull, Heba Róbertsdóttir Gull, og Þórdís Unnur Bjarkadóttir Silfur. Berboga U21 liðið setti einnig heimsmet í U21 liðakeppni.



Ótrúlegt. Allir keppendur Íslands unnu til verðlauna.

18 þjóðir og 256 þátttakendur í heild.

9 þátttakendur og 4 lið frá Íslandi.

*Liða niðurstöður: 1*gull, 1*silfur, 2*brons (1 heimsmet og 1 Evrópumet).*

*Einstaklings niðurstöður: 2*gull, 1*silfur, 5 í topp 16 og 1 í 33 sæti.*

EM U21 Víðavangi (European Field Championships) – Ksiaz-Walbrzych Pólland

Ísland vann sín fyrstu verðlaun í einstaklingskeppni og fyrstu verðlaun í liðakeppni í sögu íþróttarinnar á EM í víðavangsbogfimi. Ragnar Smári Jónasson vann einstaklings bronsið gegn Tékká og Þórdís Unnur Bjarkadóttir vann bronsið með Ragnari í liðakeppni. Súrt var að Þórdís kom ekki með þriðju verðlaunin heim fyrir Ísland, hún var í 2 sæti í undankeppni EM, sem er hæsta niðurstaða sem Íslendingur hefur náð í undankeppni HM/EM og var því talin líkleg til að keppa um gullið og taka verðlaun heim, en var óheppin í bæði undanúrslitum að tapa með 1 stigi og brons úrslita leiknum.



Ragnar trúir því ekki að hann hafi unnið fyrstu verðlaun Íslands

25 þjóðir og 209 þátttakendur í heild

2 þátttakendur og 1 lið frá Íslandi.

Liða niðurstöður: 1*brons.

Einstaklings niðurstöður: 1*brons og 1*4sæti

Evrópubikarmót ungmenna utandyra EBU (European Youth Cup stage 2) – ágúst Catez Slóvenía:

Mótið var stærsti ungmennaviðburður í sögu World Archery Europe með fleiri en 500 þátttakendur (líka stærra en stærsta EM). Ísland tók 3 brons á mótinu, Heba Róbertsdóttir og Henry Snæbjörn Johnston tóku brons í berboga U21 einstaklinga og berboga U21 liðið tók einnig brons. Evrópubikarmót eru einnig opin þjóðum utan Evrópu og Ragnar Smári t.d. sleginn út af Suður-Afríku manni í 16 manna úrslitum. Almennt gekk vel hjá okkar fólki á mótinu.



Þórdís með kæli bakstur á öxlunum í hitanum í Slóveníu

37 þjóðir og 495 þátttakendur í heild

12 þátttakendur og 5 lið frá Íslandi.

Liða niðurstöður: 1*brons, 2 í topp8, 2 í topp 16.

Einstaklings niðurstöður: 2*brons, 2 í topp 16, 6 í topp32 og 2 í 33 sæti eða lægra



HM ungmenna (World Youth Championships) – Winnipeg Kanada

Ísland komst í fyrsta sinn í topp 16 liða úrslit HM ungmenna. En svo skemmtilega vildi til að liðið sem Ísland sló út í 24 liða úrslitum HM til að komast áfram var heimaþjóðin Kanada. Mjög óvenjulegt hvað Ísland hefur lent oft á móti heimaþjóð á heimavelli á þessu ári og sigrað meirihluta þeirra leikja, næstum því á öllum mótum ársins. En Íslenska liðið var svo slegið út af Spáni í 16 liða úrslitum og endaði í 9 sæti, Freyja var stungin af vespu í miðju skoti í leiknum, Þórdís var einnig ekki langt frá því að tryggja sér í 16 manna úrslit.

*62 þjóðir og 767 þátttakendur í heild
3 þátttakendur og 1 lið frá Íslandi.*

*Niðurstöður: Lið: 1*9sæti Einstaklings 1*17sæti og 2*33sæti*



Ísland var eina þjóðin sem skaut fullkomna umferð í leiknum í rokinu

European Youth Cup Series Final (Evrópubikarmótaröð Ungmenna) – Evrópa

Ísland átti sögulegan árangur í Evrópubikarmótaröð ungmenna sem verður líklega ekki endurtekinn í bráð, ef nokkur tíma. Ísland endaði í 6 sæti á heildarstigum í mótaröðinni!! Hæsti árangur sem smáþjóð hefur náð, með besta árangri sem Norðurlandþjóð hefur náð (ef ekki besta). Heba Róbertsdóttir varð einnig fyrsti Evrópubikarmeistari í sögu Íslands, Baldur Freyr tók silfur og Þórdís Unnur rétt missti af bronsinu. Ísland hafði aldrei áður unnið til verðlauna í mótaröðinni. Í einstaklinga eru samanlögð skor úr undankeppni allra ungmenna móta WAE utandyra á árinu. Þjóða niðurstöður byggjast á heildar árangri liða í öllum keppnisgreinum á mótunum.

40 þjóðir og 751 þátttakendur í heild.

14 þátttakendur og 5 lið frá Íslandi

Þjóða niðurstöður: 6sæti.

*Einstaklings niðurstöður: 1*Gull, 1*Silfur, 1*4sæti, 4 í topp8, 2 í topp16 og 5 í 33sæti eða lægra.*



Heba fyrsti Íslendingur til þess að verða Evrópubikarmeistari



Norðurlandameistaramót ungmenna (NUM) – 3-7 júlí Boras Svíþjóð (C):

Góður árangur var á NM ungmenna 4 gull, 9 silfur, 6 brons. Ekki besta árið þar sem að óvenju margir sem voru taldir líklegir til að taka verðlaun dattu óvenju snemma úr keppni af ýmsum ástæðum, ásamt því að það vantaði 3 Íslensk ungmenni sem unnu titla á síðasta ári. Það er ekki hægt að vera með met frammistöðu öll ár. NUM er bæði vettvangur fyrir þá bestu á Norðurlöndum til þess að taka þátt og hluti af hæfileikamótun sem gáttin fyrir efnilega krakka til að taka þátt í fyrsta sinn í landsliðsverkefni. Þórdís Unnur Bjarkadóttir og Jenný Magnúsdóttir unnu Norðurlandameistararitla einstaklinga að þessu sinni, báðar í fyrsta sinn í einstaklingskeppni.

35 þátttakendur frá Íslandi. 6 þjóðir og 288 þátttakendur í heild.

*Einstaklings niðurstöður: 2*gull, 2*silfur, 4*brons, 3 í 4sæti, 7 í topp8, 11 í topp16 og 6 í topp32.*

*Einstaklingar sem unnu liðaverðlaun: 2*gull, 7*silfur og 2*brons*

Þróun árangurs Íslands á NUM til gamans:

- NUM 2017 og fyrr engin verðlaun
- NUM 2018: 2 gull, 1 silfur og 1 brons
- NUM 2019: 2 silfur og 1 brons
- NUM 2020: Aflýst vegna C19
- NUM 2021: 2 gull og 2 brons (C-19)
- NUM 2022: 2 gull, 6 silfur og 7 brons
- NUM 2023: 4 gull, 12 silfur og 15 brons
- NUM 2024: 6 gull, 13 silfur og 4 brons
- NUM 2025: 4 gull, 9 silfur og 6 brons



Hæfileikamótun

Auðsjáanlegt er að hæfileikamótun síðustu ár hefur verið að skila góðum árangri. Enda aldrei verið meiri árangur sem okkar ungmennti hafa náð í alþjóðlegri keppni m.a. fjölda verðlauna á Evrópumeistaramótum, heimsmetum, Evrópumetum og vafalaust verður áskorun að halda þeim árangri uppi í framtíðinni.

Helsta áhersla í hæfileikamótun BFSÍ er á einstaklings þjálfun. Slík þjálfun hefur almennt skilað mestum árangri í að hækka getustig íþróttafólksins og þar með árangur liða. Mest áhersla hefur verið á að bæta form og tækni einstaklinga, einnig ráð/aðstoð við stillingar/val á búnaði, æfingarskipulagsgerð, markmiðasetningu og þátttöku-/fjárhagsáætlunargerð, eftir því hvað á best við hvert ungmennti hverju sinni.

NM ungmennta er stór partur af því að gefa yngri keppendum aðildarfélaga tækifæri til þess að komast í kynni við alþjóðlega keppni á lærdómsríkan veg, ásamt því að vera vettvangur fyrir þá bestu á Norðurlöndum til þess að hittast og keppa um titla. Þar kynnast þeir einnig öðrum ungmenntum á Norðurlöndum með sömu áhugamál. Árangur á NM ungmennta vekur oft áhuga margra á að miða herra í framtíðinni, þar sem þeir upplifa möguleika sína á því að geta náð lengra í íþróttinni.

Því mætti hugsa um NM ungmennta sem fyrsta stigið í hæfileikamótun BFSÍ í samstarfi við aðildarfélögin. En BFSÍ tekur venjulega ekki yfir þjálfun efnilegra íþróttamanna fyrr en þeir eru að ná nálægt A/B skor viðmiðum ungmennta á sirka aldrinum 13-18 ára, með því markmiði að reyna að lyfta þeim upp á toppinn í alþjóðlegum stórmótum ungmennta í framtíðinni. BFSÍ hefur einnig verið að vinna með stærsta aðildarfélagi BFSÍ í ungmenntastarfi að búa til grunn að hæfileikamótun innan félagsins, ef það heppnast vel er það fordæmi sem önnur félög geta mögulega fylgt í framtíðinni.

Heilbrigðisteymi

Sjúkraþjálfari fylgdi liðinu út á EM innandyrna sem er fjölmennasta landsliðsverkefni BFSÍ með um 30 manns að meðaltali.

Mest áhersla í heilbrigðisteymi á árinu var á íþróttasálfræði, fræðslu og almennt eftirlit/forvarnir slysa/meiðsla íþróttafólks hjá sjúkraþjálfurum á árinu. Einnig er nuddari nýverið komin til liðs við teymið.

BFSÍ nýtti þjónustu nokkurra sjúkraþjálfara til þess að fylgjast með stöðu síns íþróttafólks sem vildi þá þjónustu. Meðal annars vegna sérhæfingu sjúkraþjálfara og mismunandi þarfa íþróttamanna. Einnig til þess að koma á mótis við afreksfólk sem býr utan höfuðborgarsvæðisins, að þeir geti leitað sér að þjónustu nær heimabyggð.



10 verðlaunapeningar á EMU. 16 verðlaunapeningar á Evrópubikarmótum ungmennta. 19 verðlaunapeningar á NMU. Samtals 45 verðlaunapeningar í alþjóðlegum mótum á árinu 2025. 6 sæti í þjóða ranking í Evrópubikarmótaröð ungmennta. Til viðbótar við 14 þátttakendur sem enduðu í 4 sæti í landsliðsverkefnum á árinu og 2 heimsmet, 2 Evrópumet. Rosaleg ungmennta uppskera 2025 sem mun vonandi nást að viðhalda



Sjúkraþjálfari BFSÍ að tala við íþróttamann á EM innandyrna

Menntun/endurmenntun afrekspjálfa

Starfsfólk BFSÍ vann að því að koma á fót nokkrum fræðslu verkefnum tengt endurmenntun þjálfara á Íslandi á árinu í samstarfi við aðildarfélög sín. Verkefnin voru bæði miðuð á afrekspjálfa BFSÍ og þjálfara aðildarfélaga. Meðal annars í tengslum við Olympic Solidarity þjálfaranámskeið sem BFSÍ hélt í júní.

Stefnt er að því að vera með fleiri slík verkefni í framtíðinni fyrir þjálfara BFSÍ og þjálfara aðildarfélaga til að lyfta heildar þekkingu og reynslu þjálfara upp á Íslandi.



Tím í heimsókn hjá ÍSí hitti m.a. nýkjörinn forseta ÍSí

Alþjóðlegir dómarar

Tveir Íslenskir dómarar voru með alþjóðleg réttindi á árinu. Gummi Guðjónsson WAECJ (Continental Judge), Sara Sigurðardóttir WAYJ (Youth Judge). Samtals eru 15 dómarar á Norðurlöndum með alþjóðleg dómararéttindi (IJ, IJC, CJ og/eða YJ) af þeim eru tveir Íslenskir. Engin menntunar eða endurmenntunarverkefni voru í boði á árinu á vegum WA eða WAE.

Gummi var beðin um að leysa af eða aðstoða við dómgæslu á nokkrum mótum á árinu sem hann var viðstaddur á, m.a. HM ungmenna sem hann gerir þegar þess er óskað. En sökum anna í vinnu fyrir BFSÍ hefur hann ekki boðið sig fram sem megin dómara verkefna WAE um nokkuð skeið.



Kynning á nýjum reglum eftir heimsþing á dómararáðstefnu WAE

Sara hefur ekki verið virk í dómgæslu um nokkuð skeið og líklegt að réttindi hennar falli niður bráðlega.



Afreksstefna og aðgerðaáætlun

Óbreytt afreksstefna var samþykkt á Bogfimiþingi BFSÍ í mars 2025. Aðgerðaáætlun 2025-2028 var óbreytt. 2025 var fimmta ár átta ára Afreksstefnunnar og BFSÍ hefur þegar náð flestum markmiðum stefnunnar. Afreksstefna BFSÍ og markmið afreksstefnunnar voru metin sem mjög metnaðarsöm af starfsmanni Afrekssjóðs ÍSÍ við yfirferð stefnunnar fyrir Bogfimiþing 2021 þegar hún var fyrst sett.

Tvær tegundir af markmiðum eru í Afreksstefnu BFSÍ. 1. Markmið sem miðað er á að ná árlega (t.d. X% aukning árlega). 2. Markmið sem á að ná á/fyrir ákveðinn tímaramma (t.d. ná X árangri fyrir X ár). Hér fyrir neðan er hægt að finna samantekt af núverandi markmiðum og stöðu þeirra.

Flestum afreksmarkmiðum BFSÍ í afreksstefnunni hefur þegar verið náð. Sem er býsna vel af sér vikið og starfsfólk BFSÍ á hrós skilið fyrir það starf. Markmiðin eru sett hátt til þess að krefjandi sé að náð þeim, en það þýðir líka að öll markmið nást ekki alltaf. Sem dæmi er ÍM þátttaka er rauð, en þar dró dræm þátttaka á ÍM öldunga tölfraði niður, fjölgun hefur verið að meðaltali 11% á ÍM ungmenna á hverju ári frá 2021.

Stefnt er að því við næstu yfirferð haust 2026 að formfæra markmið í afreksstefnunni svo að þau séu skýrari á tímabilum og auðmælanlegri. Einnig þarf að skýra betur aldur, lið, einstaklinga og mælikvarða betur í markmiðum í framtíðinni. Þrjár tegundir af markmiðum verða:

- Endapunkts stefna/markmið þróunar t.d. 100% þátttaka á EM.
- Skammtíma markmið í átt að endapunkti, t.d. 50% þátttaka á EM. Mælt árlega, 2 ára eða 4 ára fresti.
- Einkvæm markmið sem verða ekki endurtekin væru mæld við lok skilgreinds tíma. Ráða x starfsmann fyrir x ár væri dæmi um einkvæmt markmið.



Mælikvarðar á markmiðum í Afreksstefnu BFSÍ 2021-2029 (umorðað)

Almennt:

- 5% fjölgun ungra iðkenda árlega;
 - / **2021 +76%** / **2022 +11%** / **2023 +33%** / **2024 -13%** / **2025 +8%**
- 5% fjölgun keppenda á ÍM árlega;
 - / **2021 -20%** / **2022 -1%** / **2023 -1%** / **2024 2%** / **2025 +31%**
- Dómara- og þjálfaranámskeið í boði árlega;
 - / **2022 v** / **2023 v** / **2024 v** / **2025 v** (og alltaf í boði online og í Sviss)
- 2 dómarar með alþjóðleg réttindi fyrir lok 2024;
 - / **Markmiði náð 2022, réttindi gilda til 2026 - LOKIÐ**
- Áætlun um stoðþjónustu fyrir afreksfólk fyrir lok 2022;
 - / **Markmiði náð 2021 og birt - LOKIÐ**

Afreksstarf:

- 3 keppendur/lið í topp 16+ í A-mótum 2021-24;
 - / **2021 0** / **2022 1 einst. 4 lið** / **2023 0** / **2024 7 einst. 5 lið** / **Samtals 13 í T16+ 21-24 - LOKIÐ**
- 9 keppendur/lið í topp 16+ í A-mótum 2025-28;
 - / **2025 6 einst og 5 lið** / **2026** / **2027** / **2028** / **Í vinnslu en markmiði í raun þegar náð**
- 1 keppandi í topp 100 á heimslista fyrir lok 2023;
 - / **Markmiði náð 2022 - LOKIÐ**
- 4 keppendur í 100 efstu á heimslista 2021-26;
 - / **Í vinnslu (þarf að endurskoða þessi markmið lið/einst. og hvaða heimslisti)**
- 1 keppandi á Evrópuleikum 2023;
 - / **Markmiði náð. 1 þátttökuréttur unninn á Evrópuleikana 2023 - LOKIÐ**
- 2 keppendur á Evrópuleikum 2027;
 - / **Í vinnslu**
- 4 keppendur í lokakeppni um þátttökurétt á Ólympíuleika 2024;
 - / **Markmiði ekki náð (voru 3) - LOKIÐ**
- 1 keppandi á Ólympíuleikum 2028;
 - / **Í vinnslu**

Afreksstarf ungmenna:

- 5% fjölgun á NM ungmenna árlega;
 - / **2021 +5%** / **2022 -21%** / **2023 +113%** / **2024 +9%** / **2025 +0%**
- 5% fjölgun á ungmenna mótum WA/WAE 2023-29;
 - **2022 6 einst.** / **2023 +14%** / **2024 +350%** / **2025 +166%** / **2026 +X%** / **2027 +X%** / **2028 +X%** / **2029 +X%** / **Samtals fjölgun frá 2022 +583%**
- 3+ verðlaunahafar á Evrópubikar ungmenna (EBU) 2021-23;
 - / **Markmiði náð 3 verðlaunahafar 2021-2023 - LOKIÐ**
- 5+ keppendur á EBU með verðlaun (T3+) 2024-27;
 - / **2024 0 einst 1 lið** / **2025 7 einst 5 lið** / **2026 X einst X lið** / **2027 X einst. X lið** / **Samtals 7 einst 5 lið**
- 5+ keppendur í úrslitum topp 16+ HMU/EMU 2021-23;
 - / **Markmiði náð 13 í úrslitum 2021-2023 - LOKIÐ**
- 6+ keppendur á EMU/HMU í úrslitum (T16+) 2024-29;
 - / **2024 6 einst. 5 lið** / **2025 10 einst. 3 lið** / **2026 X einst. X lið** / **2027 X einst. X lið** / **2028 X einst. X lið** / **2029 X einst. X lið** / **Samtals 16 einst. 8 lið**

Árangur í landsliðsverkefnum

Miklar breytingar hafa orðið á skilgreiningum á árangri innan ÍSÍ og breytingar á reglugerð um Afrekssjóð ÍSÍ. Tekinn var upp nýr árangurskvarði sem flokkar sérsambönd í sex flokka eftir árangri þeirra á síðustu fjórum árum. BFSÍ var flokkað sem Afrekssérsamband II 2023-2025 sem er næst hæsta flokkun. Áætlað er að sú flokkun haldist 2026 en sambandið hefur verið á jaðri þess að vera fært upp í Afrekssérsamband I.

Til að ná flokkun sem Afrekssérsamband I eða II þarf árangurinn að nást á móti þar sem eru 40 eða fleiri þátttökupjóðir á síðustu fjórum árum. Því gæti verið að tilfærsla verði á ákveðnum áherslum í afrekstarfi BFSÍ á næstu árum til þess að færa sig nær þeim viðmiðum/markmiðum ASJ.

Flokkun sérsambanda vegna Afrekssjóðs ÍSÍ			
ÁRANGURSKVARÐI			
Afreaks sérsamband	Kvarði	Einstaklingsíþróttir fullorðinsflokkur	Hópiþróttir fullorðinsflokkur
I	100%	Hefur með áunnum þátttökurétti komist í Topp 16 úrslit á HM/EM/ÓL/PL eða áunnið sér þátttökurétt á sterkustu mótardö í heimi, þar sem eru a.m.k. 40 þátttökupjóðir, á síðustu fjórum árum.	Hefur með áunnum þátttökurétti komist í Topp 16 úrslit á lokamóti HM/EM/ÓL/PL þar sem eru a.m.k. 40 þátttökupjóðir eða náð inná Topp 15% á heimslista viðkomandi alþjóðasérsambands, á síðustu fjórum árum.
II	85%	Hefur með áunnum þátttökurétti komist í Topp 32 úrslit á HM/EM/ÓL/PL eða áunnið sér þátttökurétt á sterkustu mótardö í Evrópu þar sem eru a.m.k. 40 þátttökupjóðir, á síðustu fjórum árum. Eða hefur unnið til verðlauna á lokamóti HM/EM/ÓL/PL eða sterkustu mótardö í Evrópu/heimi, án tillits til þátttökuréttar og fjölda þjóða, á síðustu fjórum árum.	Hefur með áunnum þátttökurétti komist í Topp 32 úrslit á lokamóti HM/EM/ÓL/PL, þar sem eru a.m.k. 40 þátttökupjóðir, náð inná Topp 30% á heimslista viðkomandi alþjóðasérsambands eða hefur unnið til verðlauna á lokamóti HM/EM/ÓL/PL án tillits til þátttökuréttar og fjölda þjóða, á síðustu fjórum árum.
III	60%	Hefur komist í Topp 32 úrslit á HM/EM/ÓL/PL eða á sterkustu mótardö í Evrópu/heimi án tillits til þátttökuréttar og fjölda þjóða á síðustu fjórum árum.	Hefur komist í Topp 32 úrslit á lokamóti HM/EM/ÓL/PL án tillits til þátttökuréttar og fjölda þjóða eða náð inná Topp 45% á heimslista viðkomandi alþjóðasérsambands, á síðustu fjórum árum.
IV	50%	Þátttaka í undankeppni síðasta HM eða EM auk þátttöku í minni alþjóðlegum mótum.	Þátttaka í undankeppni síðasta HM eða EM auk þátttöku í minni alþjóðlegum mótum.
V	35%	Veruleg og regluleg þátttaka í minni alþjóðlegum mótum en HM/EM.	Veruleg og regluleg þátttaka í minni alþjóðlegum mótum en HM/EM.
Verkefna sérsamband		Uppfylla ekki skilyrði 13. gr. um Afrekssérsambönd. Áhersla ætti að vera á virka hæfileikamótum auk þátttöku í alþjóðlegu landsliðsstarfi með ungmenni og fullorðna.	

*Ei einstaklingur sem hefur náð afreki skv. árangurskvarða hættir alþjóðlegri keppni, gildir afrekið á árangurskvarðanum í tvö ár í stað fjögurra.

*Skilgreining Afrekssjóðs á hópiþrótt: Hópiþrótt er alla jafna talin íþrótt þar sem ekki er keppt í einstaklingsgreinum og/eða a.m.k. þrír leikmenn eru í liði og inná á sama tíma í samvinnu.

*Þátttaka er alla jafna talin regluleg og veruleg ef a.m.k. þrír einstaklingar taka allir þátt í þremur mótum árlega.

*Flokkun sérsambanda skv. árangurskvarða byggir á árangri þeirra á árunum 2022-2025.

Ríkisvaldið er einnig að koma inn með margfalt meira fjármagn, sem er algjör bylting fyrir afrekstarf á Íslandi almennt og því ýmis atriði sem BFSÍ þarf aðlagast að. Áætlað er að yfirfara Afrekisstefnu BFSÍ haustið 2026, bera hana undir Afreksmiðstöð Íslands (AMÍ/ÍSÍ) til yfirferðar og leggja hana svo til formlegrar samþykktar á bogfimiþingi 2027 í samræmi við nýja umhverfið sem ÍSÍ er að skapa. Afrekisstefnan verður svo yfirfarin djúpt árið 2028 og lögð til ný afrekisstefna til 8 ára á bogfimiþingi 2029 í samstarfi við AMÍ/ÍSÍ.



Keppendur/lið í topp 16 í A landsliðsverkefnum í meistaraflokki (HM/EM/ÓL/EL) 2022-2025

Í samræmi við uppfærða reglugerð ASJ og núverandi árangurskvarðann er á næstu síðum samantekt yfir síðustu fjögur ár og árangur sem náðst hefur.


Trissuboga kvenna lið	EM utandyra 2022	9 sæti	40 þátttökuþjóðir
Guðbjörg Reynisdóttir	EM innandyra 2022	5 sæti	30 þátttökuþjóðir
Trissuboga kvenna lið	EM innandyra 2022	7 sæti	30 þátttökuþjóðir
Trissuboga karla lið	EM innandyra 2022	8 sæti	30 þátttökuþjóðir
Sveigboga kvenna lið	EM innandyra 2022	9 sæti	30 þátttökuþjóðir
Sveigboga karla lið	EM innandyra 2022	9 sæti	30 þátttökuþjóðir
Trissuboga kvenna lið	EM utandyra 2024	9 sæti	39 þátttökuþjóðir
Guðbjörg Reynisdóttir	EM innandyra 2024	6 sæti	24 þátttökuþjóðir
Izaar Arnar Þorsteinsson	EM innandyra 2024	9 sæti	24 þátttökuþjóðir
Anna María Alfreðsdóttir	EM innandyra 2024	9 sæti	24 þátttökuþjóðir
Matthildur Magnúsdóttir	EM innandyra 2024	9 sæti	24 þátttökuþjóðir
Ewa Ploszaj	EM innandyra 2024	9 sæti	24 þátttökuþjóðir
Marín Aníta Hilmarsdóttir	EM innandyra 2024	9 sæti	24 þátttökuþjóðir
Valgerður Hjaltsted	EM innandyra 2024	9 sæti	24 þátttökuþjóðir
Trissuboga kvenna lið	EM innandyra 2024	3 sæti	24 þátttökuþjóðir
Sveigboga kvenna lið	EM innandyra 2024	4 sæti	24 þátttökuþjóðir
Berboga kvenna lið	EM innandyra 2024	4 sæti	24 þátttökuþjóðir
Berboga karla lið	EM innandyra 2024	4 sæti	24 þátttökuþjóðir
Trissuboga karla lið	EM innandyra 2024	6 sæti	24 þátttökuþjóðir
Sveigboga karla lið	EM innandyra 2024	6 sæti	24 þátttökuþjóðir
Guðbjörg Reynisdóttir	EM innandyra 2025	9 sæti	24 þátttökuþjóðir
Gummi Guðjónsson	EM innandyra 2025	9 sæti	24 þátttökuþjóðir
Anna María Alfreðsdóttir	EM innandyra 2025	9 sæti	24 þátttökuþjóðir
Astrid Daxböck	EM innandyra 2025	9 sæti	24 þátttökuþjóðir
Freyja Dís Benediktsdóttir	EM innandyra 2025	9 sæti	24 þátttökuþjóðir
Valgerður Hjaltsted	EM innandyra 2025	9 sæti	24 þátttökuþjóðir
Trissuboga kvenna lið	EM innandyra 2025	3 sæti	24 þátttökuþjóðir
Berboga kvenna lið	EM innandyra 2025	3 sæti	24 þátttökuþjóðir
Sveigboga kvenna lið	EM innandyra 2025	5 sæti	24 þátttökuþjóðir
Trissuboga karla lið	EM innandyra 2025	6 sæti	24 þátttökuþjóðir
Berboga karla lið	EM innandyra 2025	7 sæti	24 þátttökuþjóðir



Keppendur/lið í topp 16 í A landsliðsverkefna í U-flokkum (HMU/EMU/ÓLU/ELU) 2022-2025

Anna María Alfreðsdóttir	EM U21 innandyra 2022	4 sæti	30 þátttökuþjóðir
Valgerður Hjaltested	EM U21 innandyra 2022	5 sæti	30 þátttökuþjóðir
Trissuboga kvenna lið	EM U21 innandyra 2022	5 sæti	30 þátttökuþjóðir
Trissuboga karla lið	EM U21 innandyra 2022	8 sæti	30 þátttökuþjóðir
Trissuboga kvenna lið	EM U21 utandyra 2022	5 sæti	30 þátttökuþjóðir
Sveigboga kvenna lið	EM U21 utandyra 2022	9 sæti	30 þátttökuþjóðir
Sveigbogi blandað lið	EM U21 utandyra 2022	9 sæti	30 þátttökuþjóðir
Lóa Margrét Hauksdóttir	EM U21 innandyra 2024	2 sæti	24 þátttökuþjóðir
Baldur Freyr Árnason	EM U21 innandyra 2024	3 sæti	24 þátttökuþjóðir
Ragnar Smári Jónasson	EM U21 innandyra 2024	6 sæti	24 þátttökuþjóðir
Heba Róbertsdóttir	EM U21 innandyra 2024	7 sæti	24 þátttökuþjóðir
Auðunn Andri Jóhannesson	EM U21 innandyra 2024	7 sæti	24 þátttökuþjóðir
Maria Kozak	EM U21 innandyra 2024	8 sæti	24 þátttökuþjóðir
Þórdís Unnur Bjarkadóttir	EM U21 innandyra 2024	9 sæti	24 þátttökuþjóðir
Berboga karla lið	EM U21 innandyra 2024	1 sæti	24 þátttökuþjóðir
Berboga kvenna lið	EM U21 innandyra 2024	2 sæti	24 þátttökuþjóðir
Trissuboga kvenna lið	EM U21 innandyra 2024	5 sæti	24 þátttökuþjóðir
Trissuboga karla lið	EM U21 innandyra 2024	5 sæti	24 þátttökuþjóðir
Sveigboga kvenna lið	EM U21 innandyra 2024	5 sæti	24 þátttökuþjóðir
Þórdís Unnur Bjarkadóttir	EM U21 utandyra 2024	9 sæti	38 þátttökuþjóðir
Trissuboga kvenna lið	EM U21 utandyra 2024	6 sæti	38 þátttökuþjóðir
Trissubogi blandað lið	EM U21 utandyra 2024	9 sæti	38 þátttökuþjóðir
Baldur Freyr Árnason	EM U21 innandyra 2025	2 sæti	24 þátttökuþjóðir
Heba Róbertsdóttir	EM U21 innandyra 2025	3 sæti	24 þátttökuþjóðir
Henry Johnston	EM U21 innandyra 2025	5 sæti	24 þátttökuþjóðir
Ragnar Smári Jónasson	EM U21 innandyra 2025	6 sæti	24 þátttökuþjóðir
Ragnar Smári Jónasson	EM U21 innandyra 2025	7 sæti	24 þátttökuþjóðir
Daníel Baldursson Hvidbro	EM U21 innandyra 2025	9 sæti	24 þátttökuþjóðir
Kaewmungkorn Yuangthong	EM U21 innandyra 2025	9 sæti	24 þátttökuþjóðir
Berboga karla lið	EM U21 innandyra 2025	2 sæti	24 þátttökuþjóðir
Trissuboga karla lið	EM U21 innandyra 2025	4 sæti	24 þátttökuþjóðir
Trissuboga kvenna lið	EM U21 innandyra 2025	6 sæti	24 þátttökuþjóðir
Ragnar Smári Jónasson	HM U21 utandyra 2025	33 sæti	62 þátttökuþjóðir
Freyja Dís Benediktsdóttir	HM U21 utandyra 2025	33 sæti	62 þátttökuþjóðir
Þórdís Unnur Bjarkadóttir	HM U21 utandyra 2025	17 sæti	62 þátttökuþjóðir
Trissuboga blandað lið	HM U21 utandyra 2025	9 sæti	62 þátttökuþjóðir
Ragnar Smári Jónasson	EM U21 Víðavangi 2025	3 sæti	25 þátttökuþjóðir
Þórdís Unnur Bjarkadóttir	EM U21 Víðavangi 2025	4 sæti	25 þátttökuþjóðir
Trissuboga blandað lið	EM U21 Víðavangi 2025	3 sæti	25 þátttökuþjóðir

Hæsta Íslenska lið á heimslista við lok árs




Hæsta Íslenska lið á Evrópulista við lok árs




Afrekslistar

Afrekslistar í bogfimi eru margir enda margar íþróttagreinir og keppnisgreinar í boði. Samtals eru rúmlega 60 „afrekslistar“ skipt eftir íþróttagrein/keppnisgrein/liði/einstaklingi/kyni/fötlun/aldri/viðburðum o.fl. Til dæmis heimslistar, heimsálfuristar, World Series eða World Cup heimslistar. Aðeins eru gefin stig á afrekslista til þeirra sem vinna framhaldspátttökurétt á alþjóðlegum stórmótum s.s. HM/EM, World Cup/Series og heimsálfubikar-mótum, aðrir fá engin stig. Engin stig fást fyrir landsmót landa, landsliðsverkefni ungmenna eða lítillandsliðs-verkefni eins og NM, GSSE og slíkt. Stig fyrnast almennt á 1-2 ára fresti og listarnir breytast því hratt.

Hæsti á einstaklings heimslista við lok árs



Hæsti á einstaklings Evrópulista við lok árs




Heimslisti og Evrópulisti í utandyra markbogfimi sveigboga og trissuboga, væri hægt að horfa á sem „megin heimslista“ í bogfimi. Þá er hægt að finna á vefsíðu World Archery með því að [smella hér](#). Fyrir ofan er hægt að finna samantekt af efsta einstaklingi og efsta liði Íslands á þeim megin heims- og Evrópulistum. Lítil áhersla hefur verið hjá BFSÍ á að hámarka okkar fólk á heimslistum, þar sem að heimslisti hefur ekki vægi hjá Afreks-sjóði ÍSÍ í einstaklingsíþróttum.

Ýmis tölfraði

Á síðustu síðum ársskýrslunnar er að finna samantekt um langtíma þróun og stöðu Íslands, í ýmsum tölfraðilegum þáttum. Sem sýnir áhugaverð mælanleg sjónarhorn á íþróttinni. Staða í töflunum miðast almennt við stöðu um áramót. (Fatlaðir alþjóðlega eru ekki í tölfraði BFSÍ, þar sem þátttaka og árangur þar fellur undir ÍF)


Iðkendur í bogfimi innan aðildarfélagas BFSÍ - Archers in Clubs

■ Samtals/Total




Iðkendur U18 (17 ára og yngri) í bogfimi - Archers in Clubs U18

■ Samtals/Total




Iðkendur fullorðnir (18 ára+) í bogfimi - Archers in Clubs 18+

■ Samtals/Total




Iðkendur í bogfimi innan aðildarfélaga BFSÍ - Archers in Clubs

Konur/Women




Iðkendur U18 (17 ára og yngri) í bogfimi - Archers in Clubs U18

Konur/Women




Iðkendur fullorðnir (18 ára+) í bogfimi - Archers in Clubs 18+

Konur/Women




Iðkendur í bogfimi innan aðildarfélaga BFSÍ - Archers in Clubs

■ Karlar/Men




Iðkendur U18 (17 ára og yngri) í bogfimi - Archers in Clubs U18

■ Karlar/Men




Iðkendur fullorðnir (18 ára+) í bogfimi - Archers in Clubs 18+


■ Karlar/Men




Allar niðurstöður landsliðsverkefni samtals - All NT team&individual results




Einstaklings niðurstöður landsliðsverkefni samtals - Individual results NT total




Liða niðurstöður landsliðsverkefni samtals - Team results national team total




Allar niðurstöður A landsliðsverkefni - All NT results team/indv. WC/EC/OL/EG




Einstaklings niðurstöður A landsliðsverkefni - Individual results NT WC/EC/OL/EG




Liða niðurstöður A landsliðsverkefni - Team results NT WC/EC/OL/EG




Allar niðurstöður B+ landsliðsverkefni HMU/EMU - All NT results WYC/EYC/YOL




Einstaklings niðurstöður B+ landsliðsverkefni - Individual results NT WYC/EYC/YOL




Liða niðurstöður B+ landsliðsverkefni - Team results NT WYC/EYC/YOL




Allar niðurstöður B landsliðsverkefni HB/EB - All NT results WCUP/EGP/EYCUP/etc



Einstaklings niðurstöður B landsliðsverkefni - Indiv. results NT WCUP/EGP/EYC/etc




Liða niðurstöður B landsliðsverkefni - Team results NT WCUP/EGP/EYC/etc




Allar niðurstöður C landsliðsverkefni NUM/V-Cup etc. - All NT results other events

Í undankeppni Framhaldspátttaka Topp 32 Topp 16 Topp 8 Unnu til verðlauna




Einstaklings niðurstöður C landsliðsverkefni - Individual results NT Other events




Í undankeppni Framhaldspátttaka Topp 32 Topp 16 Topp 8 Unnu til verðlauna






Liða niðurstöður C landsliðsverkefni - Team results NT Other events


Í undankeppni Framhaldspátttaka Topp 32 Topp 16 Topp 8 Unnu til verðlauna




Fjöldi örva skotið í undankeppni landsliðsverkefna

Titlar í meistaraflokki eftir félagi - National titles senior by club

Titlar samtals eftir félagi - National Titles total by club


Íslandsmet eftir keppnisgrein - National records by division

Íslandsmet eftir íþróttagrein - National records by dicipline

Íslandsmet eftir aldursfloknum - National records by age class



Kynjahlutföll innan BFSÍ - Gender split within WAI - 2022



Kynjahlutföll innan BFSÍ - Gender split within WAI - 2023




Kynjahlutföll innan BFSÍ - Gender split within WAI - 2024



Myndirnar hér fyrir neðan sýna samanburð milli þjóða í samfélagsmiðla skýrslu World Archery fyrir árið 2023, sem var birt árið 2024. Heildar skýrsluna er hægt að lesa með því að [smella hér](#).



Listi yfir 10 landssamböndin sem eru með flesta fylgjendur og mesta vöxtinn af fylgjendum á öllum samfélagsmiðlum árið 2023 (Facebook, Youtube, Instagram, X(Twitter)). Ísland nær ekki inn á þann lista.



Ísland endaði í 5 sæti í heildar áhorfi á myndskaiðum yfir alla samfélagsmiðla í heild 2023, af öllum landsamböndum í íþróttinni í heild sinni. Alveg ótrúlegt fyrir smáþjóð.

Top 10 National Federations

Total Fans

	National Federation	Total Fans
	South Korea	34.9k
	France	19.1k
	United States of America	14.8k
	Italy	11.6k
	Spain	9.2k
	Great Britain & Northern Ireland	7.3k
	Russian Federation	6.0k
	Indonesia	2.6k
	Turkey	2.6k
	Germany	2.1k

Growth

	National Federation	Growth
	France	1.9k
	Russian Federation	1.9k
	Great Britain & Northern Ireland	1.4k
	United States of America	1.4k
	Italy	1.0k
	South Korea	900
	Spain	830
	Germany	690
	Iceland	587
	Argentina	565

 global research, content & creative agency

40

Ísland er í 9 sæti í vexti allra landssambanda World Archery á Youtube og mun líklega komast inn á topp 10 í fjölda aðdáenda á næstu árum miðað við vöxtinn.

Top 10 National Federations

Engagements

	National Federation	Engagements
	South Korea	15.4k
	Russian Federation	6.1k
	Great Britain & Northern Ireland	3.8k
	Iceland	2.5k
	United States of America	2.1k
	Italy	1.5k
	France	1.4k
	Spain	1.3k
	Malaysia	910
	Germany	748

Video Views

	National Federation	Video Views
	South Korea	522.1k
	Russian Federation	276.2k
	Great Britain & Northern Ireland	224.5k
	Iceland	189.7k
	Italy	160.9k
	France	137.1k
	United States of America	129.0k
	Spain	123.3k
	Malaysia	59.7k
	Germany	19.7k


 global research, content & creative agency

41


Ísland er í fjórða sæti í heildina í þátttöku (engagement) og í fjölda áhorfa í Youtube hluta samfélagsmiðla-skýrslu alþjóðabogfimisambandsins 2023.

Hreint ótrúlegur árangur og vel af sér vikið hjá starfsfólki BFSÍ. BFSÍ er 4 ára gamalt sérsamband með 2 starfsmenn, takmarkaðan tíma og lítið fjármagn milli handanna, að fjalla um smáþjóðina Ísland. Að Ísland skuli vera í topp 10 yfirhöfuð í einhverju í íþróttinni er í raun ótrúlegt, því síður í samanburði við landssambönd sem eru sum hver með fleiri starfsmenn en ÍSÍ og KSÍ samanlagt, og með árhundraða reynslu.


Youtube Áskrifendur Öll Sér sambönd ÍSÍ 2025



Youtube Áhorf Öll Sér sambönd ÍSÍ 2025




Instagram Áskrifendur Sér sambanda ÍSÍ 2025




HSÍ með um 26600 og KSÍ með um 89100 sem eru ekki á lista

Facebook Áskrifendur Sér sambanda ÍSÍ 2025



HSÍ með um 19000 og KSÍ með um 124000 sem eru ekki á lista

Facebook Áskrifendur Sér sambanda ÍSÍ 2025



HSÍ með um 19000 og KSÍ með um 124000 sem eru ekki á lista